

1. Ertu fylgjandi uppbyggingu nýrra hverfa með fjölbreyttri byggð, svo sem í Keldnalandi?

Viðar Helgi Guðjohansen: Já, ég hef lagt áherslu á betra skipulag í minni baráttu. Á Reykjavíkurbíngi Varðar 2022 lagði ég það til að Sjálfstæðisflokkurinn gerði það að stefnu sinni að reist verði nýtt hverfi með litlum einbýlishúsum og öðru sérbýli með þarfir ungs fjölskyldufólks í huga. Tillagan var samþykkt og er nú orðin að stefnu flokksins hér í borginni. Þegar kemur að skipulagi á borgum þarf að huga að fjölskyldum og sérstaklega ungum fjölskyldum. Það er ekki eðlilegt að hús og garður standi ekki fjölskyldum til boða. Sjálfur bý ég í litlu einbýlishúsi í smáíbúðahverfinu. Það var reist á sínum tíma af efnalitlu fólki eins og önnur hús í hverfinu. Nú er þetta hverfi það allra eftirsóttasta í Reykjavík. Það þarf annað smáíbúðahverfi og það er alveg hægt að byggja lítil sérbýli með ódýrum og einföldum hætti. Það þarf nýtt Smáíbúðahverfi og það er alveg hægt að byggja lítil sérbýli með ódýrum og einföldum hætti. Ég er að vinna í kosningamyndbandi um betra skipulag. Það mun birtast á á Fésbók síðunni minni og á vefsíðunni www.betriborg.is.

Porkell Sigurlaugsson: Já tvímælalaust blandaða byggð. Þar vil ég hafa einbýlishús, fjölbýlishús, en einnig sjúkrahús sem væri ekki háskóla- eða rannsóknarsjúkrahús heldur sjúkrahús sem mundi þjóna almenningi fyrir minna flóknar aðgerðir eða aðgerðir sem eru mjög algengar og ekki nauðsynlegt að Landspítali þurfi einn að sinna. Einnig verði þar öflugasta heilsugæslustöð höfuðborgarsvæðisins með mikið af sjálfstætt starfandi heilsugæslulæknum og þar verði slysavarðstofa sem tekur við minni háttar óhöppum og þarf ekki bráðamóttöku Landspítala til að sinna. Jafnframt væri got að tengja uppbygginguna við eldri íbúa með nýju hjúkrunarheimili. Með þessu móti mætti gera Keldnalandssvæðið að góðum valkosti og mikilvægu öryggisatriði við Landspítalann.

Þórður Gunnarsson: Hiklaust.

Örn Þórðarson: Já, það þarf að auka lóðaframboð af fjölbreyttu tagi.

Baldur Borgþórsson: Já.

Birna Hafstein: Já ég er fylgjandi því.

Björn Gíslason: Ég er mjög fylgjandi uppbyggingu nýrra hverfa og fjölbreytni í húsakosti. Nauðsynlegt er að þetta fari í gang sem allra fyrst.

Egill Þór Jónsson: Já.

Friðjón R. Friðjónsson: Já, alfarið. Næsta borgarstjórn á að gera stórhuga áætlanir í samstarfi við velferðarfélag um þjónustu- og heilsuhverfi fyrir aldraða, þannig að skilyrði skapist fyrir þorpssamfélagi með verslun, veitingum og þjónustu sem ýtir undir hreyfingu og félagsskap. Slíkt samfélag gæti verið í Keldnalandinu ásamt annarri byggð og kallar því ekki á innviðauppbýggingu en losar um íbúðir í eldri hverfum.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Já, það er löngu kominn tími á uppbyggingu nýrra hverfa og aðgerðaleyssi vinstri meirihlutans í þessum málum er vítavert. Ég myndi vilja skipuleggja fjölbreytta byggð sem tæki miða af umhverfinu á þessum stað strax á fyrsta ári næsta kjörtímabils. Af stað með þetta!

Helgi Áss Grétarsson: Já.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Já ég er fylgjandi uppbyggingu byggðar að Keldum.

Hildur Björnsdóttir: Já, ég hef talað fyrir og sé mikil tækifæri í uppbyggingu íbúðabyggðar að Keldum og í Örfirisey. Húsnæðisvandinn er að mörgu leyti tilkominn vegna áhugaleysis meirihlutans í Reykjavík á því að skipuleggja ný svæði og einblína á þéttingu byggðar innan hverfa sem þegar eru komin að þolmörkum hvað varðar innviði. Það er þó sannarlega góðra gjalda vert að þetta byggð á svæðum sem hafa til þess svigrúm.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Já almennt er ég það, og það á að skipuleggja það strax, það vantar húsnæði á höfuðborgarsvæðinu og við þurfum að fara í þessi verkefni fljótt og örugglega.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Já, ég er fylgjandi uppbyggingu nýrra hverfa í Reykjavík í samræmi við eftirspurn og fólksfjölgunarspár. Staðan á húsnæðismarkaði í dag og mikil vöntun á íbúðum kallar á að sett verði í forgang að byggja á hagkvæmu byggingarlandi, eins og einmitt á Keldum, fremur en á dýrum þéttingarreitum. Þannig verður hægt að mæta þörf á húsnæðismarkaði og bjóða fólk velkomið í Reykjavík. Þéttingarstefna undanfarin ár hefur leitt til þess að ekki hefur verið hægt að bjóða upp á nægilegt framboð af íbúðum. Við uppbyggingu nýrra hverfa er hröð uppbygging innviða mikilvæg og að íbúar þurfi ekki að búa of lengi í ófullgerðu hverfi, staðið sé við fyrirætlanir um fjárfestingar.

Kjartan Magnússon: Já. Ég vil hverfa frá lóðaskortstefnu Samfylkingarinnar og stórauka framboð lóða fyrir allar byggingargerðir í nýjum hverfum. Auðveldlega má skipuleggja nýjar lóðir fyrir um 15 þúsund íbúa í Úlfarsárdal og um 2.500 íbúa í Keldnalandi. Gott byggingarland er einnig á Geldinganesi en lagning Sundabrautar er forsenda byggðar þar. Að auki má nefna Kjalarnes.

Marta Guðjónsdóttir: Já, ég er fylgjandi slíkri uppbyggingu af ýmsum augljósum ástæðum. Lóðaskorturinn í Reykjavík er meginástæðan fyrir mikilli hækkun íbúðaverðs, hækkun leiguverðs, húsnæðisskorti, flóttu fólks og fyrirtækja úr borginni, hærra fasteignamats og þar með fasteignaskatta. Ofþéttingarstefna meirihlutans nær hvorki að fullnægja eftirspurn eftir byggingarlóðum á hagkvæmu verði né eftirspurn eftir fjölbreytni í húsakostum. Fólk á auðvitað að geta valið um það hvort það býr í einbýlishúsi, tvíbýlishúsi, raðhúsi eða fjölbýlishúsi. Í þessum efnum vil ég tryggja hvoru tveggja frelsi og fjölbreytni sem nú er hvorugt fyrir hendi. Til að tryggja þetta frelsi og þessa fjölbreytni þurfum við að brjóta nýtt land undir íbúðabyggð í nýjum hverfum.

Nína Margrét Grímsdóttir: Já.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Já, klárlega á að byggja upp ný hverfi í bland við annað, þar með talið í Keldnalandi.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Já og á fleir stöðum eins og t.d. við Skyggni við Úlfarsfell.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson: Mitt helsta stefnumál er einmitt uppbygging nýrra hverfa með fjölbreyttri byggð, bæði í landi Keldna og Úlfarsárdal en líka á Kjalarnesi sem verður senn betur tengt við borgina með tilkomu Sundabrautar.

Róbert Aron Magnússon: Uppbygging á nýjum svæðum er eitthvað sem mér finnst vera gríðarlega jákvætt fyrir borgarbúa, það þarf hinsvegar að tryggja að allir innviðir séu til staðar, svo sem nærþjónusta, leikskólar, og atvinnurekstur til að þjóna nýjum hverfum.

Sandra Hlíf Ocares: Það þarf að byggja upp ný hverfi samhliða, til að mynda á Keldum og í Örfirisey, og gæta þess að innviðir séu til staðar í tæka tíð. Þétting byggðar er göfugt markmið, en hún má ekki hafa þau áhrif að bráðnauðsynlegt

Íbúðarhúsnæði komist ekki af teikniborðinu og ekki þrengja of að grænum svæðum borgarinnar.

Valgerður Sigurðardóttir: Já.

2. Hver er þín afstaða til þéttingar byggðar?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég vil vinda ofan af þessari þéttingarstefnu meirihlutans sem er að valda því að fjölskyldur í rótgrónum hverfum borgarinnar lifa í ótta við að borgarfulltrúar meirihlutans eða kerfisins labbi um hverfin og horfi hýru auga á auða reiti og græn útivistarsvæði. Ég vil því forða rótgrónum og fjölskylduvænum hverfum frá því að verða þéttingarstefnu meirihlutans að bráð. Verði ég borgarfulltrúi mun ég leggja mig allan fram að gera skipulag Reykjavíkur fjölskylduvænna.

Porkell Sigurlaugsson: Hófleg þétting byggðar er í góðu lagi. Ég er hins vegar mótfallinn mikilli þéttingu eins og sums staðar er í borginni og fyrirhuguð er óhugnanlega mikil t.d. við Suðurlandsbraut og átti að vera við Bústaðarveg, en tókst að stöðva að hluta. Ég vil því söðla um og byggja á nýjum svæðum í Úlfarsárdal og svo í Geldinganesi, Álfsnesi og Kjalarnesi og svo að sjálfsgöðu Keldnalandi og Keldnaholti. Fara á varlega í mikla þéttingu og þá alltaf í samráði við íbúa og fyrirtæki í nágrenninu, ef aðrir kostir eru í stöðunni.

Þórður Gunnarsson: Þétting byggðar er skynsamleg og hefur marga kosti. En skipulagsstefna borgarinnar ætti ekki eingöngu að snúast um þéttingu og uppbygging nýrra hverfa getur farið saman við þéttingu byggðar.

Örn Þórðarson: Hún þarf að vera í jafnvægi, skólarnir og þjónustan við borgarbúa þarf að ráða við fjölgunina. Varðveita þarf grænu svæðin í borginni. Hef skrifað greinar um þau mál.

Baldur Borgþórsson: Neikvæð gagnvart þéttingu byggðar stefnu núverandi meirihluta.

Birna Hafstein: Það er í lagi að þetta byggð í einhverjum tilfellum að mjög vel athuguðu máli. Það þarf þó að vera gert í sátt við íbúa hverfis og samhliða frekari uppbyggingu innviða og þjónustu þess hverfis.

Björn Gíslason: Hófleg þétting byggðar getur átt rétt á sér en taka verður tillit til innviða á þéttingarreitum.

Egill Þór Jónsson: Í mjög stuttu máli. Þétting byggðar er skynsöm og góð leið til að nýta borgarlandið betur. Kostirnir geta verið margir sé rétt staðið að hlutunum. Má þar nefna nýting á innviðum sem fyrir eru eins og þjónustu, verslun og aukið mannlíf. Hins vegar þarf að vanda til verka og hafa skipulagsyfirvöld keyrt þessa stefnu áfram í blindni. Á sama tíma hafa önnur áform um uppbyggingu verið sett á ís. Afleiðingarnar eru húsnæðisskortur og hærra húsnæðisverð. Þétting hefur verið illa framkvæmd og innviðauppbygging setið á hakanum víða um borg.

Friðjón R. Friðjónsson: Skýrasta vísbendingin um að illa ígrunduð þéttingarstefna borgarinnar vinnur gegn markmiðum sínum er að fólk finnur ekki húsnæði í Reykjavík og flytur því annað. Það brjóta nýtt land undir ný hverfi, samhliða hófsamri þéttingu sem nýtir innviði eldri hverfa betur. Reykjavík er að missa frá sér fólk sem vill búa í sérbýli, eiga garð og yrkja hann. Við þurfum fjölbreyttari úrræði en dýrar lúxusíbúðir miðsvæðis.

Helga Margrét Marzelliusardóttir: Þétting byggðar er eðlilegt næsta skref í þróun borgarinnar og ferli sem allar borgir heims ganga í gegnum. Hins vegar skiptir máli hvernig það er gert. Fyrst þarf að tryggja að skólar, samgöngukerfi og byggðin sem fyrir er þoli þéttinguna. Annað er dæmt til þess að mistakast, eins og dæmin sýna og sanna.

Helgi Áss Grétarsson: Þetta á byggð þar sem það á við. Slík þétting má ekki koma í veg fyrir uppbyggingu nýrra hverfa fyrir búsetu og atvinnulíf. Kjarni málsins er sá að þétting byggðar skilar takmörkuðu magni íbúða- og atvinnuhúsnæðis og mun ein og sér aldrei ná að anna eftirspurn. Lóðaskortur á aldrei að líða enda leiðir slíkur skortur til þess að fasteignaverð hækkar óeðlilega mikið.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Þétting byggðar er vandasöm í útfærslu en oft eðlileg og nauðsynleg borgarþróun. Það þarf að gæta sérstaklega að því að eyðileggja ekki sérstöðu hverfa og passa upp á gæði húsnæðisins sérstaklega með tilliti til sólarljóss hér þar sem skammdegið er svo þungt. Þá þarf að vanda til þess að rýra ekki kosti og verðgildi þess húsnæðis sem fyrir er og gera ráðstafanir svo þjónusta í hverfinu ráði við aukið álag, t.d. skólar, félagsþjónusta og gatnakerfi.

Hildur Björnsdóttir: Þétting byggðar er í grunninn góð hugmynd og hagkvæm leið til þess að reka og byggja upp borg. Hins vegar verða slíkar fyrirætlanir að gera ráð fyrir því að innviðir, til að mynda grunn- og leikskólar, þoli þau áform og að allt saman sé gert í góðri sátt við íbúa og umhverfi. Meirihlutflokkarnir hafa hins vegar gengið mjög nærri grónum hverfum í þéttingunni og byggt upp fjölda íbúða þar sem skólar, leikskólar og aðrir innviðir eru þegar að þolmörkum komnir. Hins vegar mætti vel leita tækifæra til þéttingar í hverfum á borð við Grafarvog og Úlfarsárdal þar sem innviðir þola aukinn íbúafjölda og ekki síst fleiri börn.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég er almennt ekki sammála þéttingu byggðar ef hún þrengir að íbúum borgarinnar.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Fyrir utan það að hafa hægt á uppbyggingu hagkvæms húsnæðis hefur þéttingarstefnan sem nú er við lýði algjörlega misheppnast í framkvæmd. Byggð á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið dreifðari en nú. Undanfarin ár hefur of mikil áhersla verið lögð á þéttingu byggðar. Þéttingin hefur þurrkað upp framboð og ýtt upp raunvirði fasteignar. Á sumum stöðum hefur ekki verið gætt að birtuskilyrðum íbúða sem ég tel einkar mikilvægt vegna hnattlægrar stöðu Íslands. Þétting byggðar getur verið af hinu góða ef hún er unnin í samráði við íbúa og gætt sé að því að innviðir, svo sem skólar og leikskólar, séu klárir í að taka.

Kjartan Magnússon: Ég er hlynntur eðlilegri þéttingu byggðar enda hefur hún lengi verið hluti af stefnu Sjálfstæðisflokksins í skipulagsmálum. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að við þróun eldri hverfa verði áhersla lögð á sátt við íbúa. Horfið verði frá ofuráherslu á mikið byggingarmagn og offorsi, sem einkennt hefur þéttingartrúboð vinstri meirihlutans í borgarstjórn.

Marta Guðjónsdóttir: Ég er ekki hlynnt þeirri ofþéttingarstefnu sem núverandi meirihluti hefur keyrt áfram. Þar er gert ráð fyrir að mest þétting byggðar eigi sér stað vestan Elliðaána á dýrum þéttingarreitum miðsvæðis. Þéttingarstefnan hefur víða margfaldað, og jafnvel tífaldað lóðaverð sem hlutfall af byggingarkostnaði. Þetta er ein meginástæðan fyrir núverandi fasteignaverðbólgu. Þar sem þétting er talin hagkvæm þarf að skipuleggja hana í fullri sátt við íbúa eldri byggðar á svæðinu. Auk þess þarf að tryggja að ný byggð raski ekki sérkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Enn fremur þarf að mæta þeirri fjölgun íbúa sem þétting hefur í för með sér með styrkari innviðum og þjónustu á svæðinu. Þess hefur sjaldnast

verið gætt við framkvæmd ofþéttingarstefnunnar. Loks hefur ofþéttingarstefnan í för með sér ásókn í opin græn svæði og jafnvel náttúruperlur sem eru öllum borgum mikilvægar og við verðum að standa vörð um.

Nína Margrét Grímsdóttir: Ég tel nauðsynlegt að endurskoða öll núverandi áform borgarinnar um frekari þéttingu byggðar. Almennt tel ég að breytingar á nærumhverfi þurfi að eiga sér stað í góðu samtali við íbúa og fyrirtæki með hliðsjón af náttúruverndar- og lýðheilsusjónarmiðum.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Þétting byggðar er ekki markmið í sjálfu sér eins og hjá núverandi meirihluta. Þétting á eldri svæðum á að vera í sátt við það sem fyrir er.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Í hófi, gæta þarf þess að þéttingin verði ekki það mikil að þjónusta standi ekki undir fjölgun íbúa og að ekki sé bara byggt á dýrum reitum. Stækkum frekar borgina.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Þéttingarstefnan eins og hún er núna, þar sem markmiðið er nánast einvörðungu þétting næstu árin skapar allt of mikið álag fyrir núverandi innviði, t.d. skóla, leikskóla og vegakerfið. Það þarf að láta af þessari stefnu og leyfa borginni að vaxa. Til að þetta þarf fyrst að eiga sér stað ákveðin fjárfesting í innviðum hverfanna sem er þá t.d. stækkun skólanna, íþróttahúsanna o.s.frv. Þegar þeir innviðir þola meiri íbúafjölda má þetta í góðu samráði við íbúa. Þetta er langtímaverkefni en allar borgir þurfa að endurnýja sig og þróast. Þess á milli verðum við leyfa borginni vaxa og nýjum og fjölbreyttum hverfum að rísa sem eru bæði ódýrari og taka skemmri tíma í byggingu. Annars verður mikill skortur eins og staðan er í dag.

Róbert Aron Magnússon: Þétting byggðar er góð og gild þar sem innviðir þola það, og hefur ekki slæm áhrif á samgöngur eða þjónustu hverfana.

Sandra Hlíf Ocares: Við eigum að byggja upp ný hverfi ásamt því að þetta byggð þar sem innviðir þola það og, þannig að fólk hafi raunverulegt val um hvar og hvernig það vill búa hins vegar verður að gæta að lýðheilsulegum sjónarmiðum í senn svo sem að ekki sé þrengt of mikið að grænum svæðum borgarinnar. Fjölbreytt borg þarf fyrst og fremst að bjóða upp á fjölbreytta búsetu-kosti á viðráðanlegu verði.

Valgerður Sigurðardóttir: Við þurfum að tryggja framboð lóða og snúa frá þéttingu byggðar í óþökk borgarbúa og skipuleggja borgina út frá þörfum fólks á öllum aldri.

3. Vilt þú lækka útsvar eða aðrar álögur á borgarbúa?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Svar: Já og sem fyrst. Eitt af áherslumálum mínum er betri rekstur. Í því felst meðal annars lækkun skatta og opinberra gjalda. Fjárhagsvandamál borgarinnar eru ekki vegna skorts á fjármagni heldur því hvernig farið er með aurinn. Kosningamyndband mitt um rekstur borgarinnar má nálgast á Fésbókinni minni.

Porkell Sigurlaugsson: Ég vil fyrst lækka álögur á þá sem búa við kröppust kjör. Ráðast síðan í lækkun kostnaðar og lækka samhliða því fyrst fasteignagjöld sem hækka óheyrilega vegna herra íbúðaverðs og svo fljótlega einnig útsvar. Óábyrgt er að lofa tímasetningum í þessum efnum, en engu að síður bera að stefna að lækkun eins fljótt og hægt er.

Þórður Gunnarsson: Staða fjárhags Reykjavíkur er grafalvarleg og því ekki forsendur til lækkunar útsvars til skemmri tíma. En ef fjármál borgarinnar verða tekin föstum tókum strax eftir kosningar og rétt verður haldið á spilunum þá mun svigrúm til útsvarslækkunar myndast undir lok kjörtímabilsins.

Örn Þórðarson: Já. Það er hægt með því að draga úr yfirbyggingu og forgangsraða verkefnum með grunnþjónustuna í algjörum forgangi. Leggja gæluverkefni til hliðar.

Baldur Borgþórsson: Já.

Birna Hafstein: Já.

Björn Gíslason: Ljóst er að taka þarf fjármál borgarinnar til gagngerrar endurskoðunar og leita allra leiða til að lækka útsvar og aðrar álögur á borgarbúa.

Egill Þór Jónsson: Já – Reykjavíkurborg þarf að vera samkeppnishæft í samanburði við önnur sveitarfélög auk þess að vera aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Borgin skuldar samt sem áður hátt í 400 milljarða. Eitt af fyrstu verkefnum Sjálfstæðisflokksins verður að taka fjármál borginnar til heildstæðar endurskoðunar og úttektar.

Friðjón R. Friðjónsson: Já.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Já, ég vil að rekstur borgarinnar sé skoðaður í heild sinni með það eitt að markmiði að draga úr álögum. Það er að segja, við eigum

að nýta þær krónur og aura sem hægt er að spara í útgjöldum til þess að draga úr skattheimtu af einstaklingum og fyrirtækjum.

Helgi Áss Grétarsson: Skattar eiga ekki að hækka. Á hinn bóginn eru fjármál Reykjavíkurborgar á slæmum stað, skuldir of háar og yfirbygging stjórnsýslukerfisins of mikil. Ná verður betri tókum á grunnrekstri borgarinnar. Takist það, er hægt að lækka bæði útsvar og aðrar álögur. Ég vil þó athuga sem fyrst að afsláttur af fasteignagjöldum fyrir tekjulitla elli- og örorkulífeyrisþega verði hækkaður sem mest, a.m.k. að hann verði jafn rausnarlegur og í nágrennasveitarfélögum, svo sem eins og í Hafnarfirði.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Já það á alltaf að stefna að því að fara eins vel með almanna fé og möguleiki er og lágmarka upptöku á sjálfsaflafé fólks.

Hildur Björnsdóttir: Já, ég hef talað fyrir því að lækka álögur á borgarbúa og hef á kjörtímabilinu barist fyrir útsvarslækkun, lækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði, sölu fyrirtækja í samkeppnisrekstri og lagt til ráðningabann á miðlæga stjórnsýslu. Þrátt fyrir tekjuvöxt undanfarinna ára og útsvar í lögleyfðu hámarki standa tekjurnar ekki undir kjarnarekstri borgarinnar. Borgarmeirihlutinn hefur auk þessa leitað ýmissa leiða til þess að hylma yfir slæga stöðu reksturs borgarinnar og skattþína borgarbúa með sjónhverfingum, meðal annars með arðgreiðslum úr Orkuveitunni í stað þess að lækka gjaldskrár til borgarbúa. Þessu vil ég breyta og ég vil að það verði mitt fyrsta verk, komumst við í meirihluta að fyrirskipa sérstaka fjármála- og stjórnkerfisúttekt í borginni sem unnin verður af færustu sérfræðingum. Það þarf að hverfa af þeirri braut í rekstri borgarinnar að neysla dagsins í dag sé fjármögnuð með skuldaklafa á herðum komandi kynslóða.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Já ég vil lækka útsvar og aðrar álögur.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil að útsvar í Reykjavík verði nær því sem þekkist í nágrennasveitarfélögunum. Jafnframt er ég þeirrar skoðunar að álögum á borgarbúa eigi að halda í lágmarki. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að forgangsraða í rekstri borgarinnar.

Kjartan Magnússon: Já. Ég vil lækka útsvar og fasteignaskatta á Reykvíkingsa. Þegar Sjálfstæðisflokkurinn hafði síðast hreinan meirihluta í borgarstjórn var innheimt lágmarksútsvar, nú er útsvarið í lögbundnu hámarki. Ná þarf tókum á fjármálum borgarinnar með víðtækum umbótum og stærðarhagkvæmni og lækka álögur.

Marta Guðjónsdóttir: Já, það er grunnþáttur í stefnu Sjálfstæðisflokksins að halda, gjöldum og sköttum í lágmarki. Það er gert með aðhaldi í rekstri, hagkvæmni í opinberum framkvæmdum og með því að stemma stigu við gæluverkefnum. Hér skiptir öllu farið sé vel með fé almennings og það nýtt á réttan hátt og á réttum tíma.

Nína Margrét Grímsdóttir: Já, æskilegt væri að lækka útsvar niður í lægstu löglegu prósentuheimild.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Já. Reykjavík ætti að vera með lægstu álögur í krafti hagkvæmni og stærðar.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Já ég tel það mikilvægt þar sem hægt er að koma því við.

Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Já, ég vil fjölga Reykvíkingum og bæta reksturinn, markmiðið er að sjálfsögðu að lækka útsvarið og greiða niður skuldir, það verði bæði gert með sölu eigna á samkeppnismarkaði og bættum rekstri Reykjavíkurborgar.

Róbert Aron Magnússon: Já það þarf að lækka álögur og einfalda kerfin.

Sandra Hlíf Ocares: Já, við þurfum að lækka álögur, einfalda kerfið þegar við drögum úr óþarfa kostnaði vegna tafa og ákvarðanafælni. Stór hluti af kostnaði borgarinnar verður til vegna þess hve borgar-kerfið er þungt í vöfum og seinagangur innan þess mikill.

Valgerður Sigurðardóttir: Já.

4. Styður þú fjölgun sjálfstæðra leik- og grunnskóla?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Já, samkeppni í þessum geira er bæði borg og nemendum til hagsbóta ef farið er rétt að.

Porkell Sigurlaugsson: Algjörlega, og þá ekki síst sjálfstæðum leik- og grunnskólum. Það á að nýta einkaframtak í þessu eins og öðru. Það er til skammar hve Reykjavíkurborg hefur gert lítið í þessum málum og gert sjálfstætt starfandi leikskólum og dagmæðrum erfitt um vik.

Pórður Gunnarsson: Já og tel raunar að það sé nauðsynlegt að auka fjölbreytni og valkosti í menntun barna á höfuðborgarsvæðinu.

Örn Þórðarson: Já, sú þjónusta er viðbót við valkosti fyrir foreldra og nemendur. Góð þjónusta sem er eftirsótt og í fremstu röð.

Baldur Borgþórsson: Já.

Birna Hafstein: Já.

Björn Gíslason: Mikil ánægja hefur verið með þá sjálfstætt reknu leik- og grunnskóla sem eru til staðar og því tel ég sjálfsagt að fjölga þeim meðal annars með tilliti til að minnka eða útrýma biðlistum.

Egill Þór Jónsson: Já – ein af þeim lausnum sem ráðast þarf í til þess að fjölga leikskólaplássum og útrýma biðlistum er fjölgun sjálfstæðra leikskóla. Borgin hefur lofað börnum leikskólapláss frá 12 mánaða aldri. Því ættu foreldrar 12 mánaða barna og eldri að greiða sambærilega upphæð fyrir dagvistun, hvort sem það þiggur þjónustu leikskóla í eigu borgarinnar, til dagforeldra eða leikskóla í einkarekstri. Rekstrarform einkarekinna grunnskóla hefur einnig margsannað sig bæði þegar kemur að gæði náms, kennslu og meiri ánægju starfsfólks. Fjölbreytt rekstrarform eykur val fólks og ýtir undir jákvæða samkeppni. Mikilvægt er að borgin fari að huga að málefnum sinna leikskóla að festu eins og starfsmannamálum og aðstöðu.

Friðjón R. Friðjónsson: Já, eindregið.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Auðvitað.

Helgi Áss Grétarsson: Já.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Já ég fagna frumkvæði, nýsköpun og fjölbreytni. Það er eina leiðin til þróunar. Ég vil að fé fylgi barni svo að borgarbúar hafi frelsi til vals um mismunandi leiðir fyrir börnin sín. Ég hef sjálf nýtt mér þjónustu sjálfstæðra leik- og grunnskóla bæði héraðs og erlendis með góðum árangri.

Hildur Björnsdóttir: Já. Sjálfstætt starfandi skólar hafa auðgað skólaflokkuna í borginni og fjölgað valkostum fyrir fjölskyldur. Í dag er um 1200 reykvísk börn á sjálfstætt starfandi leikskólum og því auðséð hve mun stærri leikskólavandinn væri ef einkaframtaksins nyti ekki við. Ég hef talað fyrir því að borgin greiði sama framlag með öllum börnum í skólakerfinu, óháð því hvort þau sækja borgarrekinn eða

einkarekinn skóla. Þannig mætti komast hjá skólagjöldum og tryggja öllum börnum jöfn tækifæri til að velja skóla við hæfi, óháð efnahag foreldra.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Já ég styð það svo sannarlega.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Já. Börnin mín eru til að mynda á sjálfstætt reknum leikskóla sem leggur áherslu á að halda samfellu í skólavist fyrir börnin. Ég er fylgjandi því að opna á að skólar geti valið sér slíkar áherslur í rekstri skólanna.

Kjartan Magnússon: Já. Sem borgarfulltrúi beitti ég mér með ýmsum hætti fyrir málefnum sjálfstætt rekinna leik- og grunnskóla í borginni, ekki síst bættu rekstrarumhverfi þeirra og að þeir fengju sambærilegar fjárveitingar (fé fylgi barni) og borgarreknu skólarnir.

Marta Guðjónsdóttir: Já, ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að hverfa eigi frá miðstýringu skólakerfisins. Samanburður er grundvallarforsenda fyrir framförum í skólastarfi og gróskan verður þar mest þar sem fjölbreytni er fyrir hendi og virkur samanburður sífellt í deiglu. Framfarir í skólastarfi eru miklu algengari og raunhæfari hjá kennurum og öðru starfsfólki í skólunum sjálfum, fremur en á opinberum fræðsluskrifstofum.

Nína Margrét Grímsdóttir: Ég styð samkeppni í menntun á öllum skólastigum og skólagerðum þ.m.t. tónlistarskóla. Ef fjölgun sjálfstæðra leik- og grunnskóla þýðir að þeir verði dýrari valkostir fyrir fjölskyldur er ég ekki fylgjandi því. Varðandi leikskóla og aðra dagvistun tel ég eðlilegt að slíkir valkostir eigi að verða gjaldfrjálssir eins og önnur skólastig, slíkt sé hluti af því að samfélög hlúi að barnafjölskyldum.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Já, ég styð fjölbreytt rekstrarform á öllum sviðum menntamála.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Já ég tel það skynsamlegt.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir: Ég tel fjölgun sjálfstæðra leik- og grunnskóla nauðsynlega.

Róbert Aron Magnússon: Já ég bjó erlendis lengi og þar var sonur minn í einkareknum leikskóla, þannig ég vil skoða þann möguleika.

Sandra Hlíf Ocares: Já, sjálf var ég svo heppin að geta nýtt mér þjónustu sjálfstæðra leik- og grunnskóla og fannst frábært að hafa það val. Mikilvægt skref í því að efla

Þessa skóla er að sama fé fylgi barni inní sjálfstætt rekna skóla og borgarrekna. Sjálfstætt starfandi skólar hafa sýnt að með bættri stjórnun er hægt er að bæta þjónustu við börn og foreldra, auka starfsánægju, hækka hlutfall fagmenntaðs starfsfólks og draga úr starfsmannaveltu á sama tíma og dregið er úr kostnaði.

Valgerður Sigurðardóttir: Já.

5. Hvað finnst þér að eigi að gera varðandi Sundabraut?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Svar: Sundabrautin er grundvöllur fyrir nýjum hverfum. Gatnakerfið er ekki ólíkt æðakerfinu. Það þarf að bregðast við kransæðastíflunni sem hefur skapast í gatnakerfinu. Sundabrautin er okkar hjartapræðing. Ég styð Sundabrautina og vil reisa hana strax. Kosningamyndband mitt um Sundabraut má nálgast á Fésbókinni minni.

Porkell Sigurlaugsson: Sundabraut er löngu tímabær aðgerð. Þá værum við að byggja íbúðir á Geldinganesi, Álfsnesi og Kjalarnesi. Sundbraut hefði sparað vöruflutningafyrirtækjum og öllum almenningi stórfé í orkukostnað og dregið úr mengun og umferðartöfum um Ártúnsbrekku. Þetta verkefni verður keyrt strax af stað og sem lykilatriði við endurskoðun Samgöngusáttmálans milli ríkis og sveitarfélaganna, auk annarra nauðsynlegra breytinga. Ráðast í Sundabraut strax.

Þórður Gunnarsson: Hefjast handa eins fljótt og frekast er unnt. Brú en ekki göng. Framkvæmdin opnar líka á byggð á Geldinganesi.

Örn Þórðarson: Hefjast handa við undirbúning án tafar.

Baldur Borgþórsson: Ráðast í framkvæmdir án tafar. Taka mið af vilja íbúa við ákvörðun útfærslu.

Birna Hafstein: Við þurfum Sundabraut.

Björn Gíslason: Það er búið að taka allt of langan tíma að koma Sundabraut í gagnið. Mín skoðun er sú að það eigi að flýta henni í framkvæmd til muna en eins fram hefur komið í fréttum þá á hún að vera tilbúin árið 2031.

Egill Þór Jónsson: Sundabraut strax! Hægt væri að fara svokallaða samvinnuleið (e. Public-Private Partnership, PPP)

Friðjón R. Friðjónsson: Sundabraut á að byggja strax. Hún er lykill að búsetu- og atvinnuþróun í Reykjavík og það þarf að flýta henni sem frekast er unnt.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Af stað með hana, og það strax!

Helgi Áss Grétarsson: Leggja á Sundabraut sem fyrst.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Ráðast í framkvæmdir sem allra fyrst.

Hildur Björnsdóttir: Mér finnst að það eigi að ráðast strax í lagningu Sundabrautar í einkaframkvæmd. Sundabraut er mikilvæg samgöngubót fyrir höfuðborgarsvæðið.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil sjá Sundabraut komast á koppinn en það þarf að ná betur utan um allar þær tillögur og breytingar sem hafa komið fram. Þar er verk að vinna svo allir séu á sömu blaðsiðu.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil klára Sundabraut sem allra fyrst í góðu samráði við borgarbúa. Lagning Sundabrautar skiptir sköpum til að tryggja greiðar og góðar samgöngur til framtíðar í Reykjavík sem og á stórhöfuðborgarsvæðinu öllu.

Kjartan Magnússon: Leggja hana. Reykjavíkurborg á að standa við gerða samninga um Sundabraut og greiða fyrir lausn verkefnisins í stað þess að standa í vegi fyrir því eins og vinstri meirihlutinn gerir leynt og ljóst.

Marta Guðjónsdóttir: Ég vil koma Sundabraut í flýtimeðferð sem fyrst. Ég kom með tillögu í borgarstjórn, árið 2017, að teknar yrðu upp viðræður milli ríkis og borgar um að lega Sundabrautar yrði ákvörðuð og unnið yrði að kostnaðar- og arðsemismati við framkvæmd hennar. Borgarstjórn samþykkti tillöguna og nú er Sundabraut sem betur fer aftur komin á rekspól. Sundabraut er afar mikilvæg af ýmsum ástæðum: Framkvæmdin er feikilega arðsöm fyrir samfélagið. Hún styttir vegalengdir, dreifir umferð og dregur þar með mjög úr umferðarpunga á Miklubraut og Ártúnsbrekku og er grundvallarforsenda fyrir byggðaðróun borgarinnar í austur og norður með ströndinni og í átt að Kjalarnesi. Loks er Sundabraut mikilvæg ef rýma þarf borgina eða borgarhluta vegna náttúruhamfara.

Nína Margrét Grímsdóttir: Byggja Sundabraut sem brú fyrir alla umferð.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Ljúka útfærslu og legu Sundabrautar strax og hefja framkvæmdir sem fyrst, samhliða uppbyggingu í Geldinganesi, Álfsnesi og Kjalarnesi.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Ég tel að Sundabraut eigi að rísa sem allra fyrst.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Byggja hana strax. Hún er lykiltenging í enn meira byggingarland sem er Kjalarnes, eflir þjónustugetu borgarinnar og er mikilvæg upp á öryggi ef upp kæmi sú staða að rýma þyrfti Reykjavík með hraði.

Róbert Aron Magnússon: Setja Sundabraut í framkvæmd.

Sandra Hlíf Ocares: Sundabraut í einkaframkvæmd, ekki spurning. Sem allra fyrst og Reykjavíkurborg þarf að greiða fyrir í stað þess að tefja fyrir þeirri framkvæmd.

Valgerður Sigurðardóttir: Það er lykiltríði að íbúar séu hafðir með í ráðum þegar kemur að Sundabraut, annars finnst mér allt tal um Sundabraut korter í kosningar alltaf pínlegt þar sem ekkert hefur gerst í tugi ára varðandi Sundabraut.

6. Ertu fylgjandi Borgarlínu eins og núverandi meirihluti borgarstjórnar setur verkefnið upp?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Nei. Þetta er líklegast dýrasta gæluverkefni sem sögur fara af. Kosningamyndband mitt um borgarlínu má nálgast á Fésbókinni minni.

Þorkell Sigurlaugsson: Nei, ekki eins og núverandi meirihluti setur hana upp. Það þarf að endurskoða Samgöngusáttmálann og við munum ekki halda áfram á þeirri braut sem Dagur og félagar eru að fara. Dagur stefnir að því að halda áfram að búa hér til enn meiri kransæðastíflu við hjarta höfuðborgarsvæðisins sem er í ca. 3 km. radíus í kringum Landspítalann. Borgarlína leysir ekki þá þörf sem íbúar hafa til að leysa sínar daglegu ferðaparfir og hægt er að leggja svokallaða Borgarlínu á fljótlegri, ódýrari og án mikils rasks á gatnakerfi borgarinnar.

Þórður Gunnarsson: Uppbygging fjölbreyttra samgöngumáta og ekki síst nothæfra almenningsamganga er skynsamleg ef litið er til væntinga um íbúapróun á höfuðborgarsvæðinu (fjölgar um 100 þúsund manns á næstu 15-20 árum). Upplagg meirihlutans snýr hins vegar að því að þvinga fólk um borð í Borgarlínuna og það hugnast mér ekki.

Örn Þórðarson: Nei. Hef bent á aðrar leiðir í greinaskrifum. Þunglamaleg borgarlína svarar ekki þörfum borgarbúa og er ekki í takt við þróunina í almenningssamgöngumálum. „On-demand“ pöntunarþjónusta er þegar í boði og verður lausn framtíðarinnar.

Baldur Borgþórsson: Nei

Birna Hafstein: Nei, ekki eins og núverandi meirihluti setur hana upp en vísa í samgöngusáttmálann hvað þetta varðar.

Björn Gíslason: Ég er fylgjandi svokallaðri léttri borgarlínu (light) þar sem hún er ekki að taka akgreinar frá öðrum umferðarmáta eins og núverandi hugmyndir eru upp um.

Egill Þór Jónsson: Nei – Verkefnið er allt of dýrt, flókið í framkvæmd, gengur á aðra samgöngumáta, auk þess sem engin hefur svarað því hver ætlar að nota kerfið og hvernig eigi að reka það.

Friðjón R. Friðjónsson: Nei, ekki eins og núverandi vinstri meirihluti vinnur að verkefninu.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Öflugt almenningssamgöngukerfi er forsenda frekari uppbyggingar í borginni. Þannig er hugmyndin að borgarlínu góð, en útfærslan hjá Degi og vinum hans afleit. Þá er betra heima setið en af stað farið. Það sem verra er, útfærslan er í hrópandi ósamræmi við samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Þar er skýrt að ekki eigi að ganga á gatnakerfið við uppbyggingu almenningssamgöngukerfis.

Helgi Áss Grétarsson: Nei, ég er á móti núverandi útfærslu borgarlínunnar. Skoða þarf aðra valkosti í þessum efnum.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Nei ég tel að það þurfi að endurskoða þessa framkvæmd. Hún er of dýr, krefst of mikill byggðarþéttingar til að réttlæta sig í núverandi mynd og þrengir um of að öðrum samgöngumöguleikum. Það mætti líka horfa betur til þess hvert tækniframfarir leiða okkur í nánustu framtíð varðandi útfærslu á almenningssamgöngum.

Hildur Björnsdóttir: Nei, eg er ekki sammála útfærslum borgarstjóra á Borgarlínu sem miða að því að þrengja að öðrum kostum í samgöngum. En ég er sammála formanni flokkins og þingflokki Sjálfstæðismanna, auk bæjarstjóra

Sjálfstæðismanna á höfuðborgarsvæðinu, um að unnið verði að innleiðingu samgöngusáttmálans sem tryggir fjölbreytta valkosti í samgöngum með almenningssamgöngum, stofnvegaframkvæmdum, ljósastýringum og hjólastígum. Ég vil gera almenningssamgöngur að raunverulegum valkosti fyrir fleiri íbúa Reykjavíkur – Borgarlínu sem unnin er með skynsemi, hagkvæmni og skilvirkni að leiðarljósi.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Nei það er ég ekki, ég vil létta hana og fara miklu betur í gegnum það verkefni, finnst það á einhverri ferð sem enginn skilur eða veit, eins finnst mér það fjárhagslega óábyrgt.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Nei, ég myndi vilja nýta endurskoðunarákvæði samgöngusáttmála.

Kjartan Magnússon: Nei. Það er mun auðveldara, fljótlegra, ódýrara og árangursríkara að bæta almenningssamgöngur í Reykjavík með almennri eflingu á núverandi kerfi, t.d. með fjölgun sérakreina og betrubótum á leiðakerfinu, ekki síst í austurhluta borgarinnar. Svokölluð „létt borgarlína“ getur verið málamiðlun en með henni næðust flest markmið „þungrar borgarlínu“ fyrir aðeins hluta kostnaðarins. Hafna ber hugmyndum um nýjan skatt á Reykvíkingsa til að fjármagna borgarlínu, verkefni upp á a.m.k. 100 milljarða króna.

Marta Guðjónsdóttir: Nei, engan veginn. Borgarlínan mun ekki leysa umferðarvandann þar sem henni er ætlað að taka akreinar frá annarri umferð. Hún er óraunhæf og kostnaður við hana himinhár, auk þess sem allt er á huldu um það hver muni greiða rekstrarkostnað hennar. Hún er því óútfyllt ávísun á borgarbúa og ég mun ekki samþykkja tafagjöld, né aðrar álögur á borgarbúa vegna þessa ævintýris. Borgarlínan er jafnframt tímaskekkja þegar haft er í huga að við stöndum á þröskuldi byltinga í samgöngum og í gerð farartækja. Auk þess er borgarlínan ekki einungis samgöngustefna heldur skipulagsstefna sem ég er alfarið mótfallin. Gert er ráð fyrir, samkvæmt Aðalskipulagi, að meginuppbygging íbúðarbyggðar þróist með fram borgarlínu og stofnbrautum. Það er aðför að lýðheilsu borgarbúa.

Nína Margrét Grímsdóttir: Nei, er á móti Borgarlínu, vil fremur efla Strætó sem valkost í almenningssamgöngum.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Nei! BRT Gold (þunga línan) er út í hött, alltof dýr og hentar ekki. Mun ódýrari útfærslur eru til eins og BRT Lite, eða bara hefðbundinn strætó.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Nei bíðum með borgarlínu og önnur fjárfrek verkefni. Bætum það sem fyrir er, strætókerfið, bætum snómokstur og lagfærum götur.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir: Nei, ég hallast að Léttlínu útgáfunni. Hún er langt um ódýrari og fljótari í byggingu sem þýðir að við náum bæði að koma upp hraðstrætókerfi og eiga afgang til að setja í til að tryggja að allt kerfið spili saman.

Róbert Aron Magnússon: Ég vil að fólk hafi frelsi um val hvernig það á að ferðast um borgina, en vill skoða kostnaðarliði eins og verkefnið er sett upp núna

Sandra Hlíf Ocares: Ég er hlynnt góðum almenningssamgöngum en þær eiga að vera raunverulegt val og þurfa ekki að þrengja að núverandi samgöngukerfi eins og meirihlutinn gerir ráð fyrir. Áætlaður kostnaður við þetta verkefni, eins og núverandi meirihluti leggur upp með, er svo alveg sér kafli sem þarf að fara vandlega yfir.

Valgerður Sigurðardóttir: Nei.

7. Hvað vilt þú gera í fjármálum borgarinnar?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Bæta þarf rekstur borgarinnar. Þörf er á nýrri nálgun á bæði útgjaldahlið borgarreikningsins og tekjuhliðarinnar. Létta þarf álögum á borgara en hér ber sérstaklega að horfa til fasteignagjalda. Kosningamyndband mitt um rekstur borgarinnar má nálgast á Fésbókinni minni.

Þorkell Sigurlaugsson: Vandinn er kostnaðarvandi en ekki tekjuvandi. Byrja á að endurskoða stjórnkerfi borgarinnar og lækka kostnað. Af nægu er að taka. Fyrir utan eftirlitsleysi með flestum framkvæmdum, framúrkeyrslu í tíma og peningum þá þarf að efla fjármálastjórn borgarinnar.

Þórður Gunnarsson: Stöðva þarf skuldaukningu og hallarekstur með aðhaldi í rekstri og niðurskurði á öllum verkefnum sem teljast ekki til lögbundinna verkefna sveitarfélaga. Skattstofnar er svo gott sem fullnýttir og engrar stærðarhagkvæmni gætir við rekstur borgarinnar, því miður.

Örn Þórðarson: Taka rækilega til í þeim. Þekki það vel að það er mikið svigrúm til hagræðingar. Hef reynslu af því að taka á þeim málum úr fyrri störfum sem sveitarstjóri á tímum bankahruns. Er óhræddur við það verkefni.

Baldur Borgþórsson: Ráðast í algjöra endurskipulagningu og forgangsraða íbúum í vil.

Birna Hafstein: Við þurfum ábyrga fjármálastjórn í borginni. Það þarf að minnka skuldir, minnka yfirbyggingu en styrkja frekar innviði og grunnþjónustu fyrir borgarbúa í öllum pósthúsum.

Björn Gíslason: Taka þarf til gagnarrar endurskoðunar fjármál borgarinnar, skoða hvar er hægt að spara og skera niður. Þá má gjarnan athuga með að selja fyrirtæki borgarinnar sem eru í samkeppnisrekstri s.s. Malbikunarstöðina Höfða og Ljósleiðarann.

Egill Þór Jónsson: Forgangsraða fjármunum rétt. Leggja áherslu á lögbundna þjónustu og grunnþjónustu borgarinnar. Einnig þarf að skera niður báknið, einfalda allt regluverk og minnka yfirbygginguna. Loks þarf að greiða niður skuldir og gera reksturinn sjálfbæran. Eitt mikilvægasta verkefni næstu borgarstjórnar er að snúa rekstrinum við fyrir framtíðar kynslóðir Reykjavíkur.

Friðjón R. Friðjónsson: Fjármál borgarinnar þarf að taka til gagnarrar endurskoðunnar. Ég tel að reynsla mín af rekstri eigin fyrirtækis muni nýtast vel í borgarstjórn. Við þurfum fólk í borgarstjórn sem hefur borgað laun, en ekki bara þegið.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Hér þarf að grípa til róttækra aðgerða. Draga þarf úr útgjöldum í aðra málaflokka en grunnþjónustu og setja upp skuldaniður-greiðsluáætlun sem ekki verður vikið frá.

Helgi Áss Grétarsson: Skera þarf niður í yfirbyggingu stjórnsýslu Reykjavíkurborgar. Fækka þarf eða úthýsa öllum verkefnum sem ekki tengjast lögbundnum skylduverkefnum borgarinnar. Einfalda þarf reksturinn eins og kostur er. Með útsjónarsemi er hægt að bæta reksturinn töluvert. Tekjustreymi borgarinnar er fullnægjandi en útgjaldahliðin hefur fengið að bóligna út án sjáanlegs tilgangs.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Sýna ráðdeild í reksti. Breyta forgangsraðun, minnka miðstýringu og yfirbyggingu, færa þjónustuna til borgaranna, auka rafræna

afgreiðslu mála, auka skilvirkni, einfalda regluverk, og bjóða út þjónustuliði og verkefni.

Hildur Björnsdóttir: Minnka yfirbyggingu, lækka skuldir, og selja fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Ég vil skapa svigrúm til að sinna grunnþjónustu borgarinnar sem hefur verið stórkostlega ábótavant undanfarin þrjátíu ár.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil lækka skuldir, einblína fyrst og fremst á lögbundin verkefni næsta árið og átta mig á stöðunni enn frekar. Styðja við fólk frekar en fegrunarframkvæmdir.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil snúa frá þeirri stefnu að safna skuldum í góðæri og safna skuldum þegar á móti blæs. Ég vil minnka yfirbyggingu og einfalda stjórnkerfið sem hefur bólgnað út á undanförunum árum.

Kjartan Magnússon: Ná þarf tókum á fjármálum borgarinnar með sparnaði, hagræðingu og aukinni stærðarhagkvæmni. Stöðva verður skuldasöfnun borgarinnar en skuldirnar eru nú komnar yfir 400 milljarða króna.

Marta Guðjónsdóttir: Núverandi fjármálastefna borgarinnar er í molum. Í miklu góðæri hefur meirihlutinn safnað skuldum en þær jukust á þessu kjörtímabili um meira en 100 milljarða og eru nú komnar yfir 400 milljarða. Rekstur borgarinnar er því engan veginn sjálfbær. Það verður því strax að stöðva þessa skuldasöfnun og gera raunhæfa áætlun um að lækka skuldir borgarinnar. Ég vil forgangsraða fjármunum til grunnþjónustu og á sama tíma draga úr og hagræða verkefnum sem falla utan hennar. Stórauknar lóðaúthlutanir munu auka tekjur borgarinnar og jafnframt eru tækifæri í sölu borgarinnar á Malbikunarstöðinni Höfða og í hlut hennar í Gagnaveitunni.

Nína Margrét Grímsdóttir: Endurskoða allar áætlanir um tekjur og útgjöld með það fyrir augum að lækka kostnað en með það að leiðarljósi að forgangsraða fjármagni í þágu grunnþjónustu við Reykvíkina. Efla ennfremur tekjustofna fyrir höfuðborgina til framtíðar ss. menningartengda ferðaþjónustu þar sem eru tækifæri til vaxtar.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Endurskipuleggja fjármálin og taka á kostnaðinum strax. Greiða niður skuldir og reka borgina með afgangi. Sparnaður og hagkvæmni.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Mikla uppstokkun og gott eftirlit, skipuleggja þau verkefni sem vinna þarf en ekki moka í botnlausu hit. Minnka yfirbyggingu, velja skynsamlegar leiðir og ráða fólk sem hefur áhuga og ræður við verkefnin. En ekki yfirmann yfir yfmann sem er svo yfir öðrum og svo fer allavega einn í frí á launum og jafnvel fleiri.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég vil taka til í fjármálum borgarinnar. Til að gera það legg ég til að rekstur borgarinnar sé endurskipulagður með þeim hætti að ákvörðunartaka, fjármunir og starfsfólk sé fært nær þeim sem þiggja þjónustuna, sem eru íbúar. Með þessu sé ég fram að á losa um heilmikið fé sem fer í rekstur yfirbyggingarinnar og hefur fram að þessu verið fast þar í stað þess að streyma niður til starfsfólksins sem sinnir beinni þjónustu við íbúa. Með því að bæta þjónustu við borgarbúa og bjóða upp á ný og fjölbreytt hverfi fyrir nýja íbúa náum við að fjölga íbúum og fyrirtækjum og þannig bæta innkomuna á sama tíma og við lækkum rekstrarkostnað. Þá vil ég jafnframt selja fyrirtæki í eigu borgarinnar sem eru á samkeppnismarkaði, og nýta söluandvirði þeirra eigna til að greiða niður skuldir.

Róbert Aron Magnússon: Það þarf að taka fjármálin í gegn, vinda ofan af þessari útpennslu og skuldasöfnun, og skoða starfsmannamál borgarinnar vel.

Sandra Hlíf Ocares: Eins og ég hef sagt þá þarf að taka til í borginni. Það felst meðal annars í því að vinda ofan af stjórnlausri útpennslu og skuldasöfnun borgarinnar. Starfsfólki borgarinnar hefur fjölgað um 20 prósent á undanförunum fjórum árum. Þeim fjölgaði sum sé töluvert meira en borgarbúum á sama tímabili. Í barnslegri bjartsýni mætti ætla að þjónusta og upplýsingagjöf borgarinnar hefði batnað við allar þessar mannráðningar, þar sem skrifstofustjóri er ráðinn yfir skrifstofustjóra, verkefnastjóri yfir verkefnastjóra og upplýsingafulltrúi yfir upplýsingafulltrúa. Það er þó fjarri lagi. Í að verða þrjá áratugi hefur Samfylkingin haldið nær óslitið um stjórnartauma borgarinnar. Á þeim tíma hafa skuldir vaxið gríðarlega, kerfið þanist út og starfsfólki fjölgað án þess þó að íbúar borgarinnar hafi orðið varir við bættu þjónustu eða upplýsingagjöf. Hlutverk borgaryfirvalda er að tryggja að allir borgarhlutar hafa aðgang að þessari þjónustu, til þess er útsvarið ætlað en ekki til að þenja báknið sífellt út.

Valgerður Sigurðardóttir: Við þurfum ábyrga fjármálastjórn, hætta skuldasöfnun og fara að greiða niður skuldir.

8. Hvernig sérð þú fyrir þér að búsetuúrræði sem standa eldri borgurum til boða séu tryggð?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Markmið okkar allra á að vera að eldri borgarar geti búið í sínum húsum sem lengst. Í því felast bæði mannréttindi borgaranna og fjárhagslega skynsöm rekstrarsjónarmið. Bætt aðstoð við þá sem búa heima fyrir er efst á minni dagskrá og mun ég með öllum mætti mun ég berjast fyrir betri hag eldri borgara og valfrelsi þeirra til búsetu.

Þorkell Sigurlaugsson: Það gerist með því að vinna með ríkinu að fjölgun hjúkrunarheimila samhliða byggingu íbúða sem tengjast hjúkrunarheimilum, en eru fyrir fólk sem getur búið í sinni íbúð og þarf litla sem enga hjálp eins og t.d. í Mörkinni. Það vantar einnig millistig milli hjúkrunarheimilis og þess að þurfa að búa í gamalli óhentugri íbúð eða einbýlishúsi þar sem sambýli opnar möguleika á margvíslegri sameiginlegri þjónustu fyrir íbúana. Það þarf að efla félagsbúsetuform fyrir 60+ og tryggja þeim lóðir í borginni og þá eru félagasamtök tilbúin að ráðast í byggingaverkefni á hagstæðum íbúðum fyrir þennan aldurshóp. Íbúðir sem m.a. væru t.d. fjármagnaðar í samstarfi við lífeyrissjóði og með stofnframlögum ríkis og borgar. Lóðaskortur hefur fyrst og fremst staðið þessu fyrir þrifum.

Þórður Gunnarsson: Fulltrúar sveitarfélaganna og ríkisins þurfa að setjast niður og finna langtímalausn á umönnun aldraðra. Mannfjöldinn á Íslandi er almennt að eldast og því er mikilvægt að finna varanlegar lausnir á búsetumálum aldraðra. Það þarf að horfa á málefni aldraðra í samhengi við heilbrigðiskerfið, en stór ástæða þess að Landspítalinn hrundi í heimsfaraldri er að of stór hluti legurýma spítalans eru nýtt eins um dvalarheimili væri að ræða.

Örn Þórðarson: Fjölga þarf íbúðum fyrir eldri borgara, úthluta fleiri lóðum. Það er hægt í grónum hverfum, enda fylgir eldri borgurum ekki álag á innviði, s.s. skóla og leikskóla. Slík þétting er í góðu jafnvægi, sem er mikilvægt.

Baldur Borgþórsson: Með því að tryggja félagasamtökum eldri borgara lóðir. Með því að tryggja sértækt búsetuúrræði fyrir þá þurfa. Forgangsverkefni.

Birna Hafstein: Við þurfum að tryggja fjölbreytt búsetu úrræði fyrir eldri borgara. Það þarf að tryggja að fólk geti búið heima hjá sér eins lengi og það vill og samræma heimahjúkrun og heimaþjónustu. Einng þarf að vera aðgengi að miðlægum kjörnum

sem bjóða uppá fjölbætta þjónustu og afþreyingu fyrir eldri borgara. Að fá að eldast með reisu í Reykjavík eru mannréttindi sem við borgarbúar eigum að tryggja vel.

Björn Gíslason: Tryggja þarf hagstæðar lóðir til eldra fólks þar sem gert er ráð fyrir þjónustukjarna. Þetta getur stuðlað að því að eldra fólk geti búið í eigin húsnæði sem lengst og komið í veg fyrir félagslega einangrun.

Egill Þór Jónsson: Meðalaldur þjóðarinnar mun hækka á næstu árum, það er staðreynd. Þess vegna verður að undirbúa og skipuleggja búsetuúrræði eldri borgara strax og vinna að uppbyggingu jafnt og þétt á heiðarlegan hátt næstu ár. Við getum ekki sagt að skortur á slíkum úrræðum komi okkur á óvart þegar aldurs-samsetning þjóðarinnar hefur í rauninni alltaf legið fyrir. Einnig er mikilvægt að eldra fólk bjóðist að búa áfram í eigin húsnæði með stuðningi heimaþjónustu eða heimahjúkrunar ef við á. Uppsöfnuð þörf á húsnæðismarkaði hefur gert eldri borgurum erfiðara fyrir að finna húsnæði við hæfi, við því þarf að bregðast með fjölbreyttri uppbyggingu og lausnum.

Friðjón R. Friðjónsson: Ég hef lagt fram hugmyndir um þjónustu- og heilsuhverfi sem er næsta skref sem tekið verður í búsetuúrræðum fyrir aldraða. Mörkin er lítið dæmi, Hrafnista er með svipað verkefni á teikniborðinu í Hafnarfirði og Garðabær er líka með svipaðar áætlanir. Grunnhugmyndin er að með 500 íbúðir í kringum þjónustkjarna eða jafnvel mun fleiri, skapist að skilyrði fyrir þorpssamfélagi með verslun, veitingum og þjónustu sem ýtir undir hreyfingu og félagsskap. Þannig að fólk geti færst á milli þjónustustiga án þess að yfirgefa heimili sitt eða maka eftir þörfum og aðstæðum. Þannig byggjum við til framtíðar, þannig hreyfum við húsnæðismarkaðinn svo yngra fólk geti keypt íbúðir og einbýli þeirra sem eru eldri og þannig bætum við lífsgæði þeirra sem eldri eru.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Uppbygging búsetuúrræða þarf að fara fram samhliða uppbyggingu nýrra hverfa, líkt og gert var í Garðabæ við skipulag Sjalandshverfis. Hér horfi ég til dæmis til uppbyggingar í Keldnalandi. Hins vegar stendur þá eftir millibilsástand sem verður að brúa. Ráðast þarf í víðtæka greiningu á fasteignum í eigu borgarinnar og selja það burt sem ekki nýtist í grunnþjónustuna. Andvirðið mætti nota í uppbyggingu hentugari úrræða.

Helgi Áss Grétarsson: Tryggja á búsetuúrræði fyrir eldri borgara með öllum tiltækum ráðum. Til þess þarf þó lóðir. Stækka þarf borgina til austur til að hægt sé

að koma ríkulega til móts við hagsmuni eldri borgara í búsetumálum. Kalla þarf eftir samráði við hagsmunasamtök eldri borgara í þessu tilliti.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Með því að auka fjölbreytni í þjónustumöguleikum og auka heimaþjónustu svo fólk hafi t.d. val á að búa heima hjá sér sem lengst.

Hildur Björnsdóttir: Ef fram fer sem horfir mun ríkja verulegur húsnæðis- og þjónustuskortur fyrir eldra fólk áður en langt um líður. Borgin þarf að tryggja nægt lóðaframboð fyrir einkaframtak að hefja umfangsmikla uppbyggingu fjölbreyttra búsetukosta fyrir eldri kynslóðir - þar sem miðlæg þjónusta og afþreying er fyrir hendi. Barir, kaffihús, veitingahús og líkamsrækt í göngufjarlægð - bókasöfn, almenningsrými og blómlegir garðar. Öruggar gönguleiðir og aðgengi að útivist. Möguleikarnir eru margvíslegir.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Með því að skuldbinda borgina í þau verkefni, gera samninga og setja þau í forgang.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég legg áherslu á að tryggt verði að eldra borgarar þurfi ekki að bíða á biðlistum eftir búsetuúrræði. Mikilvægt er að eldri borgarar fái búsetu úrræði við hæfi, þegar þeir þurfa á því að halda. Sömuleiðis er mikilvægt að tryggja fullnægjandi heimahjúkrun svo að þeir eldri borgarar sem það vilja, geti búið eins lengi í eigin húsnæði og hægt er.

Kjartan Magnússon: Efla þarf heimaþjónustu og gera eldri borgurum þannig kleift að búa lengur á eigin heimili. Einnig á að efla félagsstarf eldri borgara og svara spurn eftir hjúkrunarrýmum. Skoða þarf kosti þess að fjölga svokölluðum dvalarrýmum að nýju. Þá vil ég að borgin leggi stórauðna áherslu á húsnæðismál eldri borgara með sem bestu samstarfi við byggingarfélög eldri borgara (t.d. Félag eldri borgara í Reykjavík og Samtök aldraðra) og lóðaúthlutunum í samræmi við óskir þeirra.

Marta Guðjónsdóttir: Tryggja þarf nægt lóðaframboð fyrir fjölbreytt búsetuúrræði með mismunandi þjónustustigum. Auk þess þarf að gæta þess að eldri borgarar hafi raunhæft val til að búa sem lengst á eigin heimilum með einstaklingsmiðaðri og skilvirkri heimaþjónustu.

Nína Margrét Grímsdóttir: Tel mikilvægt að Reykvíkingar á öllum aldri geti valið sér húsnæði í höfuðborginni við hæfi, annað hvort til eignar eða leigu. Þannig þarf borgin að bjóða íbúum upp á margþættar lausnir til búsetu, lóðir til byggingar, hús og íbúðir af öllum stærðum og gerðum til eignar eða leigu. Ef fólk telur henta sér

best að búa í húsnæði þar sem þjónusta og/eða hjúkrun er í boði skuli borgin tryggja framboð slíks húsnæðis á hverjum tímapunkti og í samræmi við aldurssamsetningu hópa. Óboðlegt er að yngra fólk sem þarfnast þjónustu og/eða hjúkrunar sé neytt til sambýlis við eldri aldurshópa.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Stórauka framboð á eignar, leigu og þjónustuíbúðum fyrir eldri borgara.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Eflaust þarf að byggja húsnæði sem hentar öldruðum en það þarf líka að halda vel við því húsnæði sem fyrir er. Gera öldruðum kleift með góðri þjónustu að búa eins lengi heima og þau geta og vilja. Þá verður þörfin fyrir búsetuúrræði ekki eins mikil.

Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég vil t.d. sjá nýja lífsgæðakjarna byggða og tel að þess vegna sé einnig mikilvægt að leyfa nýjum hverfum að vaxa þar sem við getum fjölgað húsnæðiskostum sem henta eldri borgurum.

Róbert Aron Magnússon: Það þarf að skoða þetta vel og tryggja nærþjónustu við þau hverfi þar sem uppbygging er fyrirhuguð.

Sandra Hlíf Ocares: Sveitarfélög þurfa að vera undirbúin fyrir fjölgun heldri borgara, eins og ég vil kalla elstu kynslóðina, og mæta búsetuþörf þeirra. Meðal annars er mikilvægt að auka aðstoð við aldraða svo sem með því að auka heimaþjónustu og heimahjúkrun og með áherslu á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst, kjósi þeir það. Sveitarfélög landsins þurfa einnig að fjölga hjúkrunarheimilum í takt við öldrun þjóðarinnar. Borgin þarf að horfa til framtíðar og tryggja nægar lóðir fyrir uppbyggingu búsetuforma sem henta eldra fólki. Hluti af góðri þjónustu við eldri íbúa borgarinnar er svo að tryggja nærþjónustu í hverfum þannig fólk þurfi ekki að fara um langan veg eftir mikilvægri grunnþjónustu, tómstundum og afþreyingu.

Valgerður Sigurðardóttir: Þjóða verður upp á búsetuúrræði við hæfi til að eldri borgarar geti búið sem lengst í eigin húsnæði. Áhersla á að vera lögð á að mæta hverjum einstaklingi á hans forsendum með samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu til að gefa fólki tækifæri til að halda virðingu sinni og vera heima þrátt fyrir skerta færni. Við verðum að auðvelda byggingar uppbyggingu á húsnæði fyrir eldri borgara.

9. Þessi nálgun að fjárfesta milljörðum í strætó á sterum er 19 aldar lausn á 21 aldar vanda, er eitthvað sem veldur mér áhyggjum, hver er sýn frambjóðenda að leysa þennan samgönguvanda?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Mislæg gatnamót eru líklega besta leiðin til þess að láta umferð flæða. Þau kosta aðeins brotabrot af því sem á að setja í borgarlínu sem dæmi og arðsemi þeirra er gríðarleg. Gatnamótin við Arnarnesveg og Reykjanesbraut kostuðu um milljarð. Borgarlínan um hundrað milljarða. Kosningamyndband mitt um mislæg gatnamót má nálgast á Fésbókinni minni.

Porkell Sigurlaugsson: Það þarf að bæta almenningssamgöngur með því að losa um umferðarhnúta. Fjölga sérstökum akreinum fyrir Strætó hægra megin þ.e. gangstéttar megin götunnar og bæta strætóskýli og aðgengi að vögnunum. Setja upp nokkur mislæg gatnamót. Gera Miklubraut að mestu ljóslausu sem er auðvelt verk við Grensásveg, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut og við Lönguhlíð. Þannig má fjölga talsvert þeim sem nýta almenningssamgöngur en bifreiðar til fólks og vöruflytninga verða alltaf lang algengasta farartækið. Annað er draumsýn fyrir borg eins og Reykjavík þótt ekki væri nema veðráttunnar vegna.

Þórður Gunnarsson: Ég vísa í svör við spurningu 6. Til viðbótar mætti nefna að ýmsar tækninýjungar eru handan við hornið sem gætu verkað til meiri samnýtingar á bílferðum, þ.e. sjálfakandi bifreiðar. Styttra í það en margir halda.

Örn Þórðarson: Ég vil léttar og sveigjanlegar almenningssamgöngur. Betri, þægilegri, ódýrari og skjótvirkari leið, sem kallar ekki á stórkallalegar fjárfestingar. „On-demand“ akstursþjónusta er framtíðin. Að notendur panti far þegar þeir þurfa á því að halda.

Baldur Borgþórsson: Með alhliða uppbyggingu samgöngumannvirkja sem nýtast öllum. Hverfa frá borgarlínuáformum borgarstjóra sem boðar stórfellda gjaldtöku á fjölskyldubílinn.

Birna Hafstein: Það þarf að stórbæta hér almenningssamgöngur. Einn ferðamáti þarf þó ekki að skyggja á annan. Hér á fólk að hafa val hvort sem það kys að fara leiðar sinnar fótgangandi, hjólandi, akandi eða með almenningssamgöngum. Það þarf að tryggja þetta val og við þurfum utanþkomandi aðila til að endurmeta þörfina og fara vel yfir þetta stóra mál með það fyrir augum að taka ákvörðun í sátt við íbúa borgarinnar og vísa ég í samgöngusáttmálann hvað þetta varðar.

Björn Gíslason: Ég er á móti fjárfestingu milljarða í strætó á sterum. Mín sýn er að vera með svokallaða létt borgarlínu (light) sem er margfalt ódýrari útgáfa en sú borgarlína sem fyrirhuguð er að komi upp.

Egill Þór Jónsson: Samgöngumál eiga alltaf að snúast um að auka öryggi og flæði allra samgöngumáta, einnig að minnka tafatíma í umferð. Aðgerðir sem hægt er að ráðast í strax er snjallvæðing umferðarljósa og bætt leiðakerfi og aukin tíðni Strætó. Síðan er hægt að greiða úr umferð með lagfæringu á gatnamótum og fjölgun sérakreina fyrir Strætó. Þannig einföldum við umferð allra ferðamáta; bíla, hjólandi, gangandi, almenningsgangna, rafskúta o.s.v.fr. Fólk kys ferðamáta eftir því hvernig lífsstíl það kys eða þarf að lifa eftir. Val á samgöngumáta er val fólksins, ekki stjórnmalamanna.

Friðjón R. Friðjónsson: Ég vil endurskoða Borgarlínuverkefnið frá grunni því ég treysti ekki nálgun vinstri meirihlutans. Það þarf að bæta almenningsgangur og gera þær aðgengilegri og öflugar.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Ég tel nauðsynlegt að efla almenningsgangur í Reykavík og gera það í samvinnu við nágrannasveitarfélögin. Samgöngusáttmáli sem smíðaður er af sjálfstæðismönnum er fín byrjun. Ekkert er þó hafið yfir gagnrýni og allra síst tug milljarða opinber framkvæmd. Um hana verður fyrst og fremst að ríkja sátt, og hún næst aldrei á meðan Dagur og núverandi meirihluti þverbrýtur sáttmálann sem segir að uppbygging almenningsgangukerfis eigi ekki að vera á kostnað uppbyggingar gatnakerfisins.

Helgi Áss Grétarsson: Finna þarf hagkvæmar lausnir á almenningsgangum. Engin töfralausn er til í þeim efnum. Veðurfar hér á landi og fámennið gerir allar almenningsgangur flóknari viðfangs en í löndum sem við gjarnan berum okkur saman við. Tækniframfarir, sem eru handan hornsins, eru ekki ólíklegar til að leysa þennan vanda með skilvirkum hætti. Óskynsamlegt er því að skuldbinda reykvíska skattborgara næstu áratugina með þungri borgarlínu.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Svárið er að einhverju leiti sama og við spurningu 6. Við getum líka nú þegar aukið og bætt framboð almenningsgangna. Með því að bæta við leiðarkerfið og fjölga ferðum. Minni vagnar sem ganga fyrir rafmagni virðast ákjósanlegur kostur. Svo er mikilvægt að bæta biðskýlin, hita þau upp t.d með affallsvatni og gera vindheld svo það sé raunhæft í þessari votviðra- og vindasömu borg að nýta sér þjónustuna.

Hildur Björnsdóttir: Leysa þarf vandann með fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngukostum. Fólk á að hafa frjálst val um það hvort það fari leiðar sinnar gangandi, akandi, hjólandi eða með almenningsvögnum. Sú hugmynd að velja þurfi einn fararmáta til að notast við öllum stundum er hvorki raunhæf né eftirsóknarverð. Framtíðin felur í sér valfrelsi og sveigjanleika. Samgöngusáttmálinn tryggir breiða fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngum og miðar að því að greiða úr umferð í Reykjavík. Ég er jákvæð fyrir betri almenningsamgöngum sem miða að því að tryggja vagna í sérrými, tíðari ferðir og betri biðskýli. Ég er hins vegar mótfallin útfærslum Dags á Borgarlínu sem vega að öðrum samgöngukostum. Það er vel unnt að tryggja greiðar almenningsamgöngur án þess að þrengja að bílaumferð. Hins vegar er brýnt að Sjálfstæðismenn leiði vinnuna við uppbyggingu fjölbreyttra samgöngukosta svo áhersla verði lögð á hagkvæmni og skilvirkni við alla útfærslu. Sundabraut er einnig mikilvægur hlekkur í því að leysa samgönguvandann í Reykjavík.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég er samþykkt strætó í sjálfu sér en ef þú ert að tala um Borgarlínuna þá er ég ekki samþykkt henni eins og hún er lögð fyrir í dag.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég tel of mikla óvissu um það hvort fjárfestingin muni skila sér í auknum fjölda notenda. Í ljósi veðurfars í Reykjavík tel ég að hyggilegt sé að velja lausnir sem koma farþegum sem næst áfangastað. Hugmynd um borgarlínu gengur hinsvegar út á að fækka stoppistöðvum. Ég vil leggja áherslu á að efla Strætó og betrubæta leiðakerfið áður en farið verður út í dýrar framkvæmdir í andstöðu við stóran hluta borgarbúa. Þá mætti prufa lausnir eins og bætt ljósastýringu og svonefndar samferðabrautir.

Kjartan Magnússon: Í stað þessa að festa sig í slíkum 19. aldar lausnum á Reykjavíkurborg að líta til nútíðar og framtíðar og búa í haginn fyrir ýmsar lausnir, sem eru nú þegar þekktar eða á leiðinni. Nefna má snjallstýringu umferðarljósa, sem greiðir fyrir umferð, eykur umferðaröryggi og dregur úr mengun. Einnig má nefna sjálfakandi ökutæki og sjálfakandi almenningsamgöngur en ör þróun er á þessu sviði erlendis, t.d. í Svíþjóð, Finnlandi og Kaliforníu. Það er mun auðveldara, fljótlegra, ódýrara og árangursríkara að bæta almenningsamgöngur í Reykjavík með almennri eflingu á núverandi kerfi, t.d. með fjölgun sérakreina og betrubótum á leiðakerfinu, ekki síst í austurhluta borgarinnar. Svokölluð „létt borgarlína“ getur verið málamiðlun en með henni næðust flest markmið „þungrar borgarlínu“

fyrir aðeins hluta kostnaðarins. Hafna ber hugmyndum um nýjan skatt á Reykvíkinga til að fjármagna borgarlínu, verkefni upp á a.m.k. 100 milljarða króna. Athyglisvert er að á sama tíma og vinstri meirihlutinn talar fyrir slíkri skattheimtu, sem mun væntanlega koma þyngst niður á íbúum eystri hverfa borgarinnar, hefur strætisvagnþjónusta verið skert verulega gagnvart þessum sömu hverfum.

Marta Guðjónsdóttir: Ég tel að hægt sé að stórbæta almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu með heildstæðum skipulagsbreytingum á Strætó, fyrir brot af þeim kostnaði sem Borgarlína kemur til með að kosta. Almenningsamgöngur eiga að auka skilvirkni í umferð ekki hægja á öðrum samgöngukostum, líkt og núverandi stefna gerir ráð fyrir. Núverandi hugmyndir um Borgarlínu eru hins vegar tímaskekkja í þeirri samgöngubyltingu sem nú er í deiglunni.

Nína Margrét Grímsdóttir: Ég tel mikilvægt að efla Strætó. Sérstök forgangsakrein sé nauðsynleg eins og hefur víða verið sett upp, strætó verði gjaldfrjáls og kerfið verði skipulagt þannig að minni vagnar (10-15 manna) aki eingöngu hringferðir um hverfin og tengi við stærri biðstöðvar eins og t.d. Mjódd þar sem hægt verði að halda ferðum áfram í aðra borgarhluta. Ferðaskipulag tryggi stuttan bið- og ferðatíma, biðskýli verði upphituð og lokuð.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Almenningsamgöngur sem byggja á ferðaþörfum, tíðni og fjölbreytni. Snjallvæða almenningssamgöngur eins og gert er annarsstaðar á forsendum notenda, með minni vögnum og betri þjónustu.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Ég er sammála. Ég tel brýnast að bæta þær almenningssamgöngur sem fyrir eru eins og strætisvagnakerfið, örari ferðir og ódýrari, laga vegi og liðka fyrir umferð svo hún gangi ekki eins og hægt og vera ber vegna mikilla þrenginga og annarra skemmdarverka. Fólk á að geta valið samgöngumáta og umferð að vera greið.

Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég tel þá útfærslu á hraðvagnakerfi sem hefur verið nefnt Léttlína vera mun skynsamari kost, eins og ég rakti hér að ofan.

Róbert Aron Magnússon: Ég er hlynntur góðum almenningssamgöngum. Erlendis þar sem ég bjó þá voru almenningssamgöngur mikið nýttar. Hinsvegar þarf að skoða þetta vel hvaða leiðir eru bestar því fólk þarf að hafa val um sinn faramáta.

Sandra Hlíf Ocares: Ég er hlynnt góðum almenningssamgöngum en þær eiga að vera raunverulegt val og þurfa ekki að þrengja að núverandi samgöngukerfi og

meirihlutinn gerir ráð fyrir. Kostnaðurinn við þetta verkefni eins og núverandi meirihluti leggur fram er eitthvað sem þarf að skoða mjög ítarlega.

Valgerður Sigurðardóttir: Það þarf að laga ljósastýringu, Strætó þarf að hætta að stoppa umferð (við eigum að gera útskot fyrir Strætó), leyfa á rauðum akreinum samflot fyrir þrjá eða fleiri í bíl, setja fleiri undirgöng og brýr í stað gangbrautarljósa á stofnæðum og gera mislæg gatnamót við Sprengisand og Kringlumýrar/Miklubraut ásamt því að auka tíðnini og bæta leiðarkerfi Strætó.

10. Samgöngur milli Kópavogs og Reykjavíkur eru ekki góðar og á dagskrá eru tvær framkvæmdir, annars vegar í Breiðaholti og hins vegar yfir Fossvoginn. Þessi tenging Breiðholtbrautar við Hvarfahverfið í Kópavogi mun léttast á umferð til og frá Breiðholti. Hver er afstaða frambjóðenda um þessa framkvæmd?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég styð betri samgöngur og mun því skoða allar skynsamlegar tillögur sem geta bætt samgöngur.

Þorkell Sigurlaugsson: Hef ekki kynnt mér þessa framkvæmd Breiðholtsbrautar við Hvarfahverfið í Kópavogi en efa ekki að hún er til bóta. Brúin yfir Fossvoginn er eingöngu fyrir almenningsamgöngur og gangandi og hjólandi. Er hugsað fyrir Borgarlínu, en held að það verði mikið rask af þessu í Kópavogi og átta mig ekki á áhrifum þessa að Nauthólsveginn. Hef því alla fyrirvara á mikilvægi þessarar tengingar og ef samtímis á að rífa bílastæði af nemendum HR þá lýst mér illa á málið. Að gera ráð fyrir að einungis einu bílastæði á hverjar 5 stúdentaíbúðir á HR svæðinu er dæmi um vanvirðingu við nemendur. Flestir þeirra vilja á námsárunum eignast bíl eða gera verði ráð fyrir að fólk á bifreiðum komi í heimsókn til nemenda.

Þórður Gunnarsson: Brýnasta málið í þessum efnum eru gatnamót Bústaðarvegar og Reykjanesbrautar. Að öðru leyti myndi ég ekki setja mig upp á móti þeim framkvæmdum sem hér eru nefndar.

Örn Þórðarson: Allar samgöngubætur sem auka flæði og öryggi umferðar allra vegfarenda eru af hinu góða.

Baldur Borgþórsson: Jákvæð gagnvart tengingu við Breiðholtsbraut – Gera gatnamótin 100% mislæg – Ekki 50% eins og núv. meirihluti þrýstir á. Neikvæð

gagnvart brú yfir Fossvog nema almenn umferð verði leyfð. Verkefnið fær falleinkun í arðsemismati nema notkun verði útvíkkuð

Birna Hafstein: Ég vísa í samgöngusáttmálann hvað þetta varðar.

Björn Gíslason: Ég vil hafa góðar teningar á milli hverfa í Reykjavík en mikið vantar upp á að almenningssamgöngur séu með góðri tengingu á milli hverfa og sveitarfélaga í kring.

Egill Þór Jónsson: Ef Kópavogsbær samþykkir útfærslu Reykjavíkurborgar á ljósastýrðum gatnamótum við Arnarnesveg þá mun þessi tenging auka umferðartafir, slys og mengun á svæðinu, sérstaklega fyrir Breiðhýltinga. Réttast væri að færa gatnamótin í heild niður að ljósastýrðu gatnamótunum við Ögurhvarf og hanna þar flæðimót til að koma í veg fyrir vandamál. Útfærsla borgarinnar á þessum gatnamótum er dæmi um það sem stangast á við það sem fram kemur í Samgöngusáttmála.

Friðjón R. Friðjónsson: Allt sem ég hef séð um tengingu Breiðholtbrautar við Hvarfahverfið lítur út fyrir að það sé jákvæð framkvæmd og ætti að fara í verkefnið hið fyrsta.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Í sannleika sagt hef ég bara of litla þekkingu á þessum fyrirhuguðu framkvæmdum til að geta mótað mér skoðun og ætla ekki að bjóða kjósendum upp á vanhugsað raus. Nóg er af því fyrir í íslenskri pólitík. Hins vegar get ég sagt að það er gjörsamlega galið að það taki 20 mínútur að keyra úr Salahverfi Kópavogs og yfir samliggjandi Breiðholt Reykjavíkur. Þegar hverfi sem liggja að öðrum sveitarfélögum eru skipulögð hér á höfuðborgarsvæðinu verður skipulagið að tala saman við skipulag næstu sveitarfélaga. Kannski er kominn tími á formlegan samráðsvettvang skipulagssviða þessara sveitarfélaga?

Helgi Áss Grétarsson: Báðar framkvæmdir eru af hinu góða. Skoða þarf útfærslurnar hins vegar vel.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Þessar framkvæmdir eru á samgöngusáttmálanum og ágætar út af fyrir sig. Ég hef samt áhyggjur af útfærslunni á brúnni yfir Fossvog og hvaða afleiðingar hún mun hafa til dæmis á setmyndun í vöginum. Sem formaður SJÓR þekki ég vel þær tómsundur sem þarna eru iðkaðar og mikilvægt að framkvæmdin eyðileggi ekki þá frábæru aðstöðu og mikla líf sem þrífst þar.

Hildur Björnsdóttir: Þessar framkvæmdir eru hluti samgöngusáttmála og þarf að tryggja framgang þeirra sem allra fyrst.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Mér líst vel á þá tengingu, með brú sem tengir Arnarnesveg við Breiðholtsbraut þar sem talið er að sú lausn hafi ekki umtalsverð umhverfisáhrif fyrir Reykvíkinga.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég styð framkvæmdina en hefði vilja skoðað betur þann möguleika að setja Arnarnesveginn í stokk. Tryggja verður fjármagn fyrir vistlokum og ráðast í þau samhliða uppbyggingu vegarins.

Kjartan Magnússon: Ég er hlynntur tengingu Breiðholtsbrautar við Hvarfahverfið í Kópavogi. Ég er hins vegar ekki hlynntur brú yfir Fossvoginn eins og hún hefur verið kynnt. Verkefnið er mjög dýrt miðað við ávinning þar sem brúin er ekki ætluð fyrir almenna bílaumferð. Ég tel einfaldlega mörg samgönguverkefni brýnni í Reykjavík. Þá mun brúin líklega skerða siglingastarf borgarinnar og siglingafélaga í Skerjafirði sem löng hefð er fyrir.

Marta Guðjónsdóttir: Mikilvægt er að greiða fyrir umferð milli Reykjavíkur og Kópavogs í sátt milli sveitarfélaganna og íbúa. Hér þarf að gaumgæfa ýmsa kosti með sanngirni og opnum huga.

Nína Margrét Grímsdóttir: Varðandi tengingu Breiðholtsbrautar í Hvarfahverfi í Kópavogi myndi hún væntanlega létta umferð á öðrum stofnæðum en þyrfti að gerast í góðri sátt við íbúa nærumhverfis. Varðandi brúartengingu úr Kópavogi yfir í Fossvog er ég á móti þeirri framkvæmd, tel að hún valdi ónæði fyrir íbúana í nærumhverfinu og að auki fjarstæðukennt að ráðast í slíka framkvæmd án þess að einkabílar eigi að geta nýtt hana.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Endurskoða tengingu Arnarnesvegar í hagkvæma mislæga lausn og niðurgröfnum vegi til að minnka truflun við Breiðholtið. (Lausn 3). Endurhanna Fossvogsbrú fyrir alla umferð.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Hef ekki næga þekkingu á verkefninu, en það sem liðkar fyrir umferð hljómar vel.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég vænti þess að hér sé átt við Arnarnesveginn og brúna Öldu. Þessar framkvæmdir eru hluti af svokölluðum samgöngusáttmála ríkis og sveitarfélaga. Ég hef verið fylgjandi þessum tilteknu

framkvæmdum enda greiða þær fyrir umferð og létta líf borgarbúa sem og Kópavogsbúa.

Róbert Aron Magnússon: Þær framkvæmdir sem létta á umferð er ég fylgjandi, en horfa þarf samt til nærumhverfis ásamt öðrum þáttum.

Sandra Hlíf Ocares: Ég er fylgjandi framkvæmdum sem eru til þess fallnar að létta á umferð milli hverfa svo lengi sem horft er til heilðrænna áhrifa á byggð og atvinnulíf.

Valgerður Sigurðardóttir: Mér hefði fundist að útfæra mætti þessa lausn betur.

11. Vilt þú fjölga mislægum gatnamótum í Reykjavík?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Já. Mislæg gatnamót eru líklega besta leiðin til þess að láta umferð flæða. Þau kosta aðeins brotabrot af því sem á að setja í borgarlínu sem dæmi. Kosningamyndband mitt um mislæg gatnamót má nálgast á Fésbókinni minni.

Þorkell Sigurlaugsson: Já á nokkrum mikilvægum stöðum á Hringbraut og Bústaðarvegur og Reykjanesbrautar. Við Hringbraut er hægt að gera þetta mjög snyrtilegt og tryggja þannig betra flæði umferðar þar sem tappar eru í sitt hvora áttina að morgni og kvöldi.

Þórður Gunnarsson: Að fjölga mislægum gatnamótum ætti aldrei að vera markmið í sjálfu sér, en þau geta verð skynsamlegar framkvæmdir. Gatnamót Reykjanesbrautar og Bústaðavegar eru til að mynda gatnamót sem yrðu öruggari og skilvirkari væru þau mislæg.

Örn Þórðarson: Já, enda hefur það sannað sig að þau bæta umferðarflæði og auka öryggi vegfarenda.

Baldur Borgþórsson: Já.

Birna Hafstein: Í samgöngusáttmála er gert ráð fyrir einhverjum mislægum gatnamótum.

Björn Gíslason: Mér er annt um að það sé greiðfært fyrir alla samgöngumáta í Reykjavík. Því er ljóst að setja verður upp mislæg gatnamót til að greiða fyrir umferð

t.d. á gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar, Reykjanesbrautar við Arnarnesveg. Einnig mikilvægt að skoða mislæg gatnamót á Miklabraut. Ég hef lagt áherslu á að tekið verði tillit til viðbragðsaðila þegar gerðar eru samgönguáætlanir í Reykjavík.

Egill Þór Jónsson: Mislæg gatnamót auka umferðaröryggi og flæði umferðar, minnka þannig tafir og draga úr mengun. Hins vegar geta þau tekið mikið pláss í borgarlandi svo huga þarf vel að útfærslum og hvar þau nýtast.

Friðjón R. Friðjónsson: Já Mislæg gatnamót mega gjarnan koma þar sem þeirra er þörf. En það þarf góð rök fyrir þeim ef það á að byggja þau og þau mega alls ekki vera fyrirferðarmikil eins og slaufan við Elliðaárvog. Fín "mislæg" gatnamót eru t.d. brúin milli Grafarvogs og Grafarholts. Það var góð framkvæmd.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Mislæg gatnamót eru stór, ljót, dýr og leiðinleg, en því miður nauðsynleg, og í sumum tilfellum lífsnauðsynleg. Mesta þörfin eftir þeim er á Miklubraut, en þar þarf samt að skoða allar framkvæmdir í samhengi við heildina. Það er ekki til neins að byggja mislæg gatnamót fyrir fúlgur fjár ef þau verða svo aðeins til þess að færa flöskuhálsinn nokkrum metrum vestar eða austar í borgina. Mislæg gatnamót eiga að vera í forgangi þar sem slysin eru tíðust.

Helgi Áss Grétarsson: Já.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Já sérstaklega á þeim stöðum þar sem það er talið auka á öryggi fólks í umferðinni t.d. þar sem gangandi þurfa að þvera vegi með mikinn umferðarþunga eins og við Sæbraut.

Hildur Björnsdóttir: Ég styð samgöngusáttmálann sem meðal annars kveður á um mislæg gatnamót.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Samgöngumál í Reykjavík eru ekki einkamál Reykvíkinga og það er ábyrgðarhluti að fólk komist í vinnu. Mislæg gatnamót eru hluti af þeirri lausn sem kveðið er á um í Samgöngusáttmálanum og borgin er búin að skuldbinda sig til.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil sjá ný mislæg gatnamót þar sem að slíkt er nauðsynlegt til að tryggja umferðaröryggi, t.d. við nýjan Arnarnesveg. Slíkar framkvæmdir, líkt og aðrar framkvæmdir af hálfu borgarinnar, þarf að vinna í góðri sátt við borgarbúa og þá sérstaklega íbúa viðkomandi hverfis. Til viðbótar tel ég að

gera verði greinarmun á því hvort lega mislægra gatnamóta sé í grónni miðborg, sem ég tel ekki skynsamlegt, eða hvort staðsetning sé þannig að þeim sé ætlað að tryggja gott flæði umferðar inn og út úr borginni og um stórhöfuðborgarsvæðið.

Kjartan Magnússon: Já. Mislæg gatnamót stórauka umferðaröryggi, draga úr mengun og greiða fyrir umferð. Mislæg lausn á við á eftirfarandi fjórum gatnamótum en útfærslur þurfa auðvitað að vera í góðu samræmi við landslag og aðrar aðstæður á hverjum stað fyrir sig. Breyta þarf aðalskipulagi og gera samkomulag við ríkið um fjármögnun framkvæmda, t.d. á átta ára tímabili. Gangi það eftir yrði Miklubraut að mestu leyti ljósafrí að þeim tíma liðnum.

1. Breiðholtsbraut-Bústaðavegur.
2. Miklubraut-Kringlumýrarbraut.
3. Miklubraut-Grensásvegur.
4. Miklubraut-Háaleitisbraut.

Marta Guðjónsdóttir: Já, mislæg gatnamót draga verulega úr slyshættu, auka flæði umferðar, draga þannig úr tímaskatti vegfarenda og draga úr mengun. Hér snýst spurningin ekki einungis um hvort, heldur hvernig við hönnum slík mannvirki.

Nína Margrét Grímsdóttir: Já.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Já. Mislæg gatnamót á helstu stofnbrautir til að auka flæði, öryggi og minnka mengun. Göngubrýr yfir stærstu umferðaræðar.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Já tvímælaust, það bæði greiðir fyrir umferð og ætti að draga úr hættu á slysum.

Ragnildur Alda María Vilhjálmsson: Já, almennt séð er ég er fylgjandi mislægum gatnamótum á stofnbrautum enda greiða þau fyrir umferð og bæta öryggi. Þegar kemur að mislægum gatnamótum þarf hins vegar ávallt að vanda til verka svo þau verði gerð í sátt við íbúa og umhverfi. Ég get nefnt í þessu samhengi mislægu gatnamótin við Reykjanesbraut og Arnarnesveg (hjá Smáralind) sem dæmi, en þau eru reglulega snyrtileg og nýstárleg en þau taka ekki mikið pláss og eru eins og upplyft hringtorg.

Róbert Aron Magnússon: Þetta þarf að skoða út frá hagkvæmni og hvaða áhrif þetta þetta hefur á hverfin í kring.

Sandra Hlíf Ocares: Ef þau eru líkleg til að vera hagkvæm samgöngubót sem bæta flæði og hafa góð áhrif á byggðina í kringum þau.

Valgerður Sigurðardóttir: Já.

12. Flokkun sorps í Reykjavík er mjög aftarlega í samburði við önnur sveitafélög og má nefna að lífrænn úrgangur er flokkaður sér á Austurlandi og á Akureyri. Á norðurlöndum var þessi flokkun hafin á síðustu öld. Er ekki tækifæri að taka þetta græna mál á dagskrá ljúka því með sóma?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Engin fleiri gæluverkefni hjá Sorpu. Síðasta sorpvinnsluævintýri Sorpu er enn óuppgert. Það kostaði yfir fimm milljarða og almenningur borgar! Skoða á skynsamlegar, ódýrar og raunhæfar lausnir við að ná markmiðum okkar í loftslagsmálum. Kosningamyndband mitt um sorphirðu í Reykjavík má nálgast á Fésbókinni minni.

Porkell Sigurlaugsson: Jú þetta er eitt af þeim málum sem ég hef fjallað um Hvers vegna Reykjavíkurborg getur ekki fargað sorpi á sama umhverfisvæna hátt og gert er í hinum norrænu höfuðborgunum er hreinasta ráðgáta. Fordómar og þekkingarleysi vinstri meirihlutans gæti skýrt þetta að einhverju leyti.

Þórður Gunnarsson: Það er ekki boðlegt að höfuðborgin sé eftirbátur annarra sveitarfélaga í sorphirðumálum og meðferð úrgangs. Mér finnst að líka ætti að skoða að koma upp safngámum í stað ruslatunnu fyrir hvert heimili. Með slíkum gámum yrði sorphirða skilvirkari og hagkvæmari.

Örn Þórðarson: Algjörlega. Undirbúningur að slíku verkefni er þegar hafin og höfum við Sjálfstæðismenn ávallt greitt atkvæði með þeirri þróun.

Baldur Borgþórsson: Jú. Svo sannarlega og það án kostnaðarauka fyrir íbúa.

Birna Hafstein: Jú og þó fyrir hefði verið.

Björn Gíslason: Jú, ég tel það nauðsynlegt að flokkun sé sem mest og komið sem fyrst í gang. Við þurfum ávallt að vera með umhverfismál ofarlega í okkar gjörðum.

Egill Þór Jónsson: Að sjálfsögðu og bjóða út sorphirðu strax. Því miður er erfitt að sjá í verki að borgin standi fyrir eitthvað sem telst umhverfisvænt. Borgin hefur skv. „Grænu bókhaldi“ Reykjavíkurborgar aukið notkun á jarðefnaeldsneyti um 40% frá 2018 til 2021, byggt er á mikilvægum grænum svæðum borgarinnar, verið er að skipuleggja landfyllingar í Skerjafirði en þau áform hafa verið gagnrýnd af öllum sem láta sig umhverfisvernd varða, auk þess er stefnt að gríðarlegum landfyllingum við Geirsnef sem setur laxagengt Elliðaáa í hættu.

Friðjón R. Friðjónsson: Jú, fyrir 25 árum bjó ég lítilli borg á Norður-Spáni, þar sem búa um 180 þús manns. Fyrir aldarfjórðungi stóð sú borg framur Reykjavík dagsins í dag í sorphirðu og flokkun. Það er skömm að því hve aftarlega á merinni Reykjavíkurborg hangir.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Það er afar dapurlegt hve langt borgin á í land í þessum málum. Björtu hliðarnar á fúski meirihlutans í umhverfismálum eru þó að mikil reynsla er komin á þessu mál í öðrum sveitarfélögum hér á landi og í öðrum borgum nágrannalanda okkar. Af reynslu þeirra eigum við nú að læra.

Helgi Áss Grétarsson: Fyllsta ástæða er til að leita lausna á þessu málefni og vera ekki eftirbátar annarra sveitarfélaga í landinu.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Jú klárlega, sorphirða og flokkun er mjög áberandi veikleiki í stjórnun borgarinnar og í veikleikum liggja tækifæri til að gera betur.

Hildur Björnsdóttir: Reykjavík ætti að vera leiðandi á þessu sviði en þar hefur ekki tekist vel til. Ég tel heilmikið tækifæri liggja í því að líta til Akureyrar og Austurlands hvað þennan mikilvæga málaflokk varðar. Eins eru fjölmörg fyrirtæki á þessu sviði að spretta fram á sjónarsviðið og mikilvægt að einkaframtakinu sé hleypt að borðinu í þessum mikilvæga málaflokki. Þar gerast galdrarnir; þar er hagkvæmnin mest og þjónustan best.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: 100% sammála. Nú er búið að ákveða að samræma flokkun á sorpi á höfuðborgarsvæðinu og ég treysti því að lífrænn úrgangur verði þar með.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil vinna áfram að því að flokkun sorps verði samræmd á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt vil bæta þjónustu við hverfastöðvarnar, tryggja betri umhirðu við þær svo stöðvarnar þjóni betur hlutverki sínu gagnvart borgarbúum.

Kjartan Magnússon: Mikil mistök hafa verið gerð í sorp- og endurvinnslumálum höfuðborgarsvæðisins á undanförunum árum og gjöld Reykvíkinga vaxið gífurlega á sama tíma og dregið hefur verið úr þjónustu sorphirðu. Gefa þarf útsvarsgreiðendum skýringar á því klúðri sem hefur orðið í málaflokknum og taka hann til gagn Gerrar endurskoðunar í því skyni að bæta þjónustu og fjölga valkostum notenda. Þjóða þarf út sorphirðu í Reykjavík í áföngum og fylgja þannig vel heppnuðu fordæmi nágrannasveitarfélaganna.

Marta Guðjónsdóttir: Jú, það er grundvallarþáttur í allri umhverfisvernd að staðið sé sómasamlega að flokkun og eyðingu sorps. Það er hægt að gera á miklu skynsamari og hagkvæmari hátt en núverandi meirihluti hefur gert. Við eigum ekki að láta þeirra slóðaskap draga úr mikilvægri viðleitni okkar í þessum efnum.

Nína Margrét Grímsdóttir: Almennt finnst mér mikilvægt að beita almenning ekki íþyngjandi kvöðum, hvorki í sorphirðumálum né öðrum. Varðandi flokkun úrgangs er einmitt gagnlegt að horfa til hvar vel er staðið að þessum málaflokki annars staðar með það fyrir augum að nýta úrræði sem virka vel.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Jú, hér eru stór tækifæri með því að flokka og meðhöndla sorp eins og aðrar borgir gera og ég hef kynnt mér erlendis. Klárlega verk að vinna.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Jú það er algjörlega kominn tími á vandaðri flokkun eins og t.d. lífrænan úrgang. En bæta þarf sorphirðu til þess að draga ekki úr hvata fólks til að flokka. Það getur verið lýjandi þegar margar vikur og jafnvel mánuðir líða á milli þess sem t.d. pappír og plast er tekið.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Jú, ég tel að svo sé enda nauðsynlegt að efla flokkun í Reykjavík! Sá meirihluti sem nú fer með völdin í Reykjavík hugðist leysa úrgangsmálin með Gas- og jarðgerðarstöðinni - GAJU - en það fór ekki vel eins og menn þekkja. En heilt yfir þurfum við að snúa við þessari þróun sem hefur orðið í sorpmálum í Reykjavík í átt að minni þjónustu, þá sérstaklega í fjölda sorphirðudaga. Þó svo að tunnunum hafi fjölgað eru þær sjaldnar tæmdar og flokkunin, sem þó á sér stað, ómarkviss.

Róbert Aron Magnússon: Sammála því, borgin á að vera framarlega á þessu sviði.

Sandra Hlíf Ocares: Jú 100%, það liggja mörg tækifæri í því að taka þetta græna mál föstum tökum. Höfuðborgin ætti að vera í forystu hvað þessi mál varðar. Það hefur tekist einstaklega vel til í þeim sveitarfélögum sem nefnd eru og við ættum að líta

til þeirra varðandi framkvæmdina. Ég vil að einkafyrirtækjum sé hleypt að fullu inná þennan markað því ég tel að það muni skila betri þjónustu og meira vali til borgarbúa.

Valgerður Sigurðardóttir: Jú heldur bestur þó fyrr hefði verið.

13. Hvernig muntu beita þér varðandi þegar gerða samninga milli sveitarfélaganna, Betri samgangna og Borgarlínu?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég mun gera skýlausa kröfu um að vel sé farið með almannafé og að fjármagni sé veitt í mislæg gatnamót. Óskiljanlegt er að hin sveitarfélögin hafi gert samning um þennan stera-strætó, kannski vegna þess að það eru aðrir sem borga brúsann. En ég vil forða borgarbúum frá því að fá þennan víxil í hausinn. Ég hef gert nokkur kosningamyndbönd sem ég hef birt eða mun birta á Fésbók eða á www.betriborg.is.

Porkell Sigurlaugsson: Ég mun óska eftir því að samningurinn verði endurskoðaður frá grunni, staldrað verði við með kostnaðarsama vinnu á meðan, fengnir yrðu hlutlausir ráðgjafar til að rýna verkefnið, bæði áætlanir um verkefnið, fýsileika þess fyrir Reykjavík og hvaða valkostir væru aðrir til að leysa almenningssamgöngur á hagkvæman og góðan hátt. Augljóst að þetta yrðu erlendir ráðgjafar enda mun nýr borgarstjórnarmeirihluti X-D aldrei taka þetta verkefni án fjölmargra augljósra breytinga.

Þórður Gunnarsson: Framkvæmdir vegna Borgarlínu, í það minnsta framan af, geta nýst í ýmislegt annað en akstur Borgarlínuvagna. Meginreglan er auðvitað sú að standa skal við gerða samninga.

Örn Þórðarson: Ég myndi vilja endurskoða helstu forsendur þar, hverfa frá þunglamalegri Borgarlínu og skoða sveigjanlegri lausnir. Leggja þarf meiri áherslu á bætt umferðarflæði með nútímalausnum við umferðarstjórnun og auka þannig öryggi.

Baldur Borgþórsson: Krefjast tafarlaugar endurskoðunar samnings, sem er heimilt. Núverandi meirihluti hefur þverbrotið samninginn, sbr. mislæg gatnamót Bústaðarvegs/Reykjanesbrautar sem vígja átti sumarið 2021. Borgarlínuáform borgarstjóra verði sett til hliðar og aðrar leiðir farnar sem vega ekki að valfrelsi

hvers og eins. Alhliða uppbygging samgöngumannvirkja sem nýtast öllum samgöngumátum skal tryggð.

Birna Hafstein: Ég mun beita mér fyrir því að það sé ekki farið fram úr kostnaðaráætlunum og mál séu afgreidd af skynsemi og gagnsæi.

Björn Gíslason: Ég vil endurskoðun á samningi við Betri samgöngur varðandi borgarlínu.

Egill Þór Jónsson: Lykilatriði er að komast í meirihluta í borginni þar sem vinstri meirihlutinn hefur margsannað að ekki verði staðið við þá hluta samningsins sem henta ekki þeirra forræðishyggjupólitík, um að þvinga fólk úr og í ákveðna ferðamáta. Mikilvægt er að vera í góðri samvinnu við ríki og nágrannasveitarfélögin um framtíð samgöngumála á höfuðborgarsvæðinu.

Friðjón R. Friðjónsson: Ég vil endurskoða þá frá grunni. Ég treysti ekki núverandi meirihluta að hafa hagsmuni Reykvíkinga í huga til að greiða fyrir samgöngum.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Ég tel samninginn sjálfan ekki vandamálið, heldur það að borgin undir núverandi meirihluta Dags B. Eggertssonar er ekki að fara eftir honum. Samningurinn kveður meðal annars á um að ríkið afhendi borginni Keldnalandið til fjármögnunar á samgönguframkvæmdum í borginni, en ekkert gerist. Þá er skýrt kveðið á um að uppbygging almenningsgangna eigi ekki að þrengja að bílaumferð – en samt fær Dagur að leggja nákvæmlega það til án athugasemda frá öðrum sveitarfélögum eða ríkinu. Það má ekki gerast.

Helgi Áss Grétarsson: Ég vil að þessir samningar séu endurskoðaðir við fyrsta mögulega tækifæri. Þessir samningar boða ekki gott fyrir reykvíska skattborgara. Þunga borgarlínan er óskynsamleg útfærsla á þessu verkefni.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Ég vil endurskoða hagkvæmniútreikninga á framkvæmdinni og aðra möguleika eða útfærslur á að efla almenningsgangur með þarfir og sýn þeirra sem eru og þurfa að ferðast um höfuðborgarsvæðið í forgrunni.

Hildur Björnsdóttir: Ég tel það mjög brýnt að Sjálfstæðismenn leiði vinnuna við uppbyggingu fjölbreyttra samgöngukosta svo áhersla verði lögð á hagkvæmni og skilvirkni við alla útfærslu. Fólk á nefnilega að hafa frjálst val um það hvort það fari leiðar sinnar gangandi, akandi, hjólandi eða með almenningsvögnum. Sú hugmynd

að velja þurfi einn fararmáta til að notast við öllum stundum er hvorki raunhæf né eftirsóknarverð. Framtíðin felur í sér valfrelsi og sveigjanleika. Samgöngusáttmálinn tryggir breiða fjárfestingu í fjölbreyttum samgöngum og miðar að því að greiða úr umferð í Reykjavík. Ég er jákvæð fyrir betri almenningssamgöngum sem miða að því að tryggja vagna í sérrými, tíðari ferðir og betri biðskýli. Ég er hins vegar mótfallin útfærslum Dags á Borgarlínu sem veða að öðrum samgöngukostum. Það er vel unnt að tryggja greiðar almenningssamgöngur án þess að þrengja að bílaumferð.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil endurskoða Borgarlínuverkefnið, mun ekki styðja það verkefni eins og lagt er upp með það í dag.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil leggja áherslu á að rétta af rekstur Strætó og betrubæta leiðakerfið áður en farið verður út í dýrar framkvæmdir í andstöðu við stóran hluta borgarbúa.

Kjartan Magnússon: Sem betur fer er enn hægt að endurskoða alla þessa samninga og það vil ég að verði gert sem fyrst. Það er mun auðveldara, fljótlegra, ódýrara og árangursríkara að bæta almenningssamgöngur í Reykjavík með almennri eflingu á núverandi kerfi, t.d. með fjölgun sérakreina og betrubótum á leiðakerfinu, ekki síst í austurhluta borgarinnar. Svokölluð „létt borgarlína“ getur verið málamiðlun en með henni næðust flest markmið „þungrar borgarlínu“ fyrir aðeins hluta kostnaðarins. Hafna ber hugmyndum um nýjan skatt á Reykvíkinga til að fjármagna borgarlínu, verkefni upp á a.m.k. 100 milljarða króna.

Marta Guðjónsdóttir: Ég er ekki hlynnt borgarlínuverkefninu þar sem ég tel það vera gamaldags lausn og þess vegna tel ég það nauðsynlegt að taka upp þennan samning og semja upp á nýtt við ríkið um samgöngur í Reykjavík. Nú þegar hefur Reykjavíkurborg vanefnt samninginn með töfum t.d. á mislægum gatnamótum Bústaðavegar – Reykjanesbrautar sem átti þegar að vera lokið.

Nína Margrét Grímsdóttir: Tel nauðsynlegt að endurskoða þessa samninga.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Reykjavíkurborg hefur ekki staðið við samgöngusáttmálann undanfarin 2 ár. Því ber að endurskoða hann skv. 7. grein sáttmálans með þarfir allra samgöngumáta í huga í samvinnu við ríki og SSH.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Mig skortir þekkingu til að svara þessari spurningu.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég tel að það þurfi að endurskoða samningana út frá nýjum forsendum. Til dæmis var kveðið á um ýmsar samgöngubætur sem sumar hverjar er víst ekki gert ráð fyrir að fjármagna samkvæmt nýjustu fréttum eins og snjöll umferðarljósastýring. Þetta kallar á endurskoðun. Auk þess þarf að ávarpa léttlínuna.

Róbert Aron Magnússon: Að bestu getu, þarf að skoða þetta vel. Fólk þarf að geta ákveðið sjálft hvaða ferðamáta það kys að nota.

Sandra Hlíf Ocares: Fólk á sjálft að geta ákveðið hvernig það fer leiðar sinnar um borgina og hvaða samgöngumáta það velur hverju sinni. Ég tel að stefna Sjálfstæðisflokksins sem miðar að frjálsu vali einstaklinga sé gott leiðarljós við vinnu við samgöngur í borginni og eigi að tryggja að litið sé til fjölbreyttra þarfa borgarbúa. Við þurfum greiðar almenningsamgöngur en ég hafna því að það þær þurfi að þrengja að öðrum samgöngukostum.

Valgerður Sigurðardóttir: Ég vil að samningurinn sé tekinn upp aftur og endurskoðaður.

14. Telur þú að aðstaða íþróttafélaganna í borginni sé fullnægjandi?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Nei, það má alltaf bæta og lagfæra. Það er þó nauðsynlegt að öll slík vinna sé forgangsriðuð og unnin með skilvirkum hætti. Áhersla þarf að vera á ungmennastarfið.

Þorkell Sigurlaugsson: Nei henni er víða mjög ábótavant t.d. hjá Þrótti talandi um mitt nærsamfélag og svo er íþróttaaðstaða afar bágborin og sums staðar engin við skóla borgarinnar sem er algjörlega óviðunandi.

Þórður Gunnarsson: Sum íþróttafélög hafa það miklu betra en önnur. KR og Þróttur hafa sérstaklega setið eftir. Fullnægjandi aðstaða til íþróttaiðkunar er eitt af grundvallarverkefnum sveitarfélaga og þar þarf að gera verulega bragarbót.

Örn Þórðarson: Nei, þar þarf að gera átak. Huga þarf sérstaklega að íþróttastarfi barna og ungmenna. Í öllum hverfum borgarinnar. Geyma þarf svæði í nágrenni íþróttafélaganna til að þau geti stækkað til framtíðar.

Baldur Borgþórsson: Nei. Betur má ef duga skal. Klára uppbyggingu í samráði við íbúa og taka mið af þeirra óskum og þörfum.

Birna Hafstein: Nei alls ekki og það þarf að taka til í þessum málaflokki. Ég vil forgangsraða fjárveitingum til uppbyggingar íþróttaaðstöðu í þágu barna og unmennta og vera með eitthvað alvöru plan yfir hvernig þessum málum skal háttað og gera ekki upp á milli hverfa.

Björn Gíslason: Aðstaða íþróttafélaga í borginni er mjög mismunandi og þarf að jafna þann mismun. Við verðum ávalt að hafa í huga að aðstaða til íþróttaiðkunar hjá börnum og ungmennum þarf að vera fyrsta flokks og menntun þjálfara/leiðbeinenda sömuleiðis.

Egill Þór Jónsson: Nei – hún er ekki fullnægjandi. Hægt er að nefna ótal dæmi. Einnig er mikilvægt að vinda ofan af þeirri íþróttapólitík sem viðgengst víða um borg sem snýr að því hvaða hverfishluta eða íþróttaaðstöðu ýmis félög eru með en önnur ekki. Þetta bitnar mest á börnum og æskulýðsstarfi og það má ekki leyfa því að viðgangast.

Friðjón R. Friðjónsson: Nei. Staðan í Laugardal er þar sem ríður mest á að laga. Það þarf að finna nýja staði fyrir þjóðaleikvanga og vinna bug á þeirri fráleitu biðstöðu sem Þróttur og Ármann er í vegna framkvæmdaleti borgarstjórnar. Við eigum að styðja vel við íþrótt- og tólmundastarfsemi og samþætta skólanum eftir fremsta megni.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Langt í frá. KR er undir fjármagnað. Meira púður er sett í rekstur ráðstefnufyrirtækis borgarinnar í Laugardalshöll en uppbyggingu á sæmandi aðstöðu fyrir Þrótt. Öll skipulagning á færslu Fram og Víkings er til skammar. Elsta starfandi íþróttafélag borgarinnar, Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er lamað vegna aðstöðuleysis. Við getum gert svo miklu betur.

Helgi Áss Grétarsson: Já, að mestu leyti en ávallt má gera betur.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Nei langt frá því. Ég bý í Laugardal, með dreng sem æfir körfubolta hjá Ármanni. Þar falla reglulega niður æfingar vegna aðstöðuleysis og hann þarf að sækja þær í annan borgarhluta þegar þær eru. Iðkendum í hans árgang hefur fækkað um $\frac{2}{3}$. Svona aðstöðuleysi getur haft slæmar afleiðingar fyrir börn í þeim hverfum þar sem uppá vantar, t.d. bara hvað varðar forvarnareiginleika íþróttaiðkunar.

Hildur Björnsdóttir: Nei, langt því frá. Reykjavík hefur dregist langt aftur úr nágrannasveitarfélögum hvað varðar íþróttaaðstöðu. Íþróttaaðstaða innan hverfa telst til innviða og mikilvægt er að góðir innviðir séu innan seilingar fyrir iðkendur. Það er ekki bara réttindamál fyrir börn og unglinga, heldur líka skipulags- og samgöngumál, að fólk geti sótt sér sjálfsagða þjónustu innan hverfa.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Nei alls ekki. Það þarf að klára samninga við íþróttafélögin eins og Þrótt og Víking svo dæmi séu tekin. Það á ekki að lýðast að íþróttafélögin geti ekki sinnt starfi sínu vegna slæmrar aðstöðu.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Gera má betur víðsvegar um borgina, m.a. í Breiðholti, Grafarholti og í Laugardal. Íþróttafélögin í borginni eiga að njóta góðs af stærðarhagkvæmni vegna íbúafjölda borgarinnar og boðið upp á æfingaaðstöðu í sama gæðaflokki og íþróttafélög í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Hafa verður ríkt samráð við foreldra og taka mið af hagsmunum barna við ákvarðanatöku um íþróttaaðstöðu. Eins þarf að hafa í huga gott aðgengi og samgöngur að íþróttamannvirkjum.

Kjartan Magnússon: Hús og vellir íþróttafélaganna í Reykjavík eru, ásamt sundlaugum, sjúkrahúsum og öldrunarheimilum, best nýttu opinberu mannvirki á Íslandi. Ljóst er að áfram þarf að bæta aðstöðu íþróttafélaganna og gera þeim kleift að sinna enn betur því hlutverki sínu að mennta börn og unglinga á sviði íþróttar og hollrar hreyfingar. Samvinna grunnskóla, frístundaheimila og íþróttafélaga hefur í flestum tilvikum tekist vel og æskilegt er að auka samstarf og samþættingu enn frekar á milli þessara aðila.

Marta Guðjónsdóttir: Íþróttaaðstöðu má alltaf bæta en lykilatriðið er að jafnræði sé meðal félaga varðandi aðstöðu og uppbyggingu.

Nína Margrét Grímsdóttir: Ég styð eindregið uppbyggingu íþróttastarfs fyrir íbúa á öllum aldri í öllum hverfum og geri ráð fyrir að svið íþróttar- og tómstunda myndi skoða tillögur og óskir um úrbætur á næsta kjörtímabili. Hef sjálf á þessum tímamarki ekki nóga yfirsýn til þess að fullyrða hvar mætti bæta aðstöðu íþróttafélaganna í borginni.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Aðstaðan er að mörgu leiti ágæt, en alltaf má gera betur, sérstaklega varðandi ýmsar jaðaríþróttir.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Nei ég tel að það megi bæta aðstöðu víða hjá íþróttafélögum.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég tel að það þurfi að styrkja íþróttafélögin og aðstöðu þeirra í samræmi við vaxandi þjónustubörf.

Róbert Aron Magnússon: Langt í frá, og þetta þarf að laga. T.d. eins og í Laugardalnum, en þó hefur verið gert ágætt uppi Úlfarsárdal t.d.

Sandra Hlíf Ocares: Það er misjafnt milli félaga, mikil uppbygging hefur verið í Úlfarsárdal og við félagssvæði ÍR undanfarinn ár en annars staðar hafa þessi mál setið á hakanum. Í kringum Laugardal og í vesturhluta Reykjavíkur, þar sem þéttingin hefur verið hvað mest hafa innviðir í kringum íþróttafélög setið á hakanum og mér þykir liggja mjög á að bæta úr því. Mér finnst einnig nauðsynlegt að huga að fjölbreyttu vali. Sumstaðar er nær eingöngu hægt að æfa boltagreinar en aðstöðu skortir fyrir til dæmis dans, fimleika, karate og svo framvegis. Skýrsla stýrihóps um forgangsröðun fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja, sem Sjálfstæðisflokkurinn átti fulltrúa í og var mjög faglega unnin, tel ég góðan leiðarvísi við uppbyggingu á næstu árum.

Valgerður Sigurðardóttir: Nei.

15. Hver er þín afstaða til Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýri?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég styð flugvöllinn þar sem hann er. Á Fésbókinni minni má sjá kosningamyndband mitt um Reykjavíkurflugvöll.

Porkell Sigurlaugsson: Hann verður hér áreiðanlega í nokkra áratugi ef ekki lengur. Það verður ekki grundvöllur fyrir byggingu nýs flugvallar fyrir höfuðborgarsvæðið. Ef byggja þarf annan alþjóðaflugvöll þá verður hann á öðru eldgosabelti og mun fjær Keflavíkurflugvelli. Ekki verður því séð hvort eða hvenær Reykjavíkurflugvelli verður lokað, gæti jafnvel komið ný tækni í flugi þar sem rafmagn er nýtt og þá spurning hvaða áhrif slíkt mun hafa. Það sem helst gæti ógnað tilveru Reykjavíkurflugvallar er að hans verði ekki lengur þörf vegna innanlandsflugs, en vandséð er að það verði á næstu áratugum.

Þórður Gunnarsson: Hann verður í Vatnsmýri þar til jafngóður eða betri staður finnst fyrir hann.

Örn Þórðarson: Reykjavíkflugvöllur gegnir lykilhlutverki í samgöngum milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis og er öryggismál varðandi heilbrigðisþjónustu. Allar hugmyndir um flutning eru algjörlega ótímabærar og allt of kostnaðarsamar.

Baldur Borgþórsson: Jákvæð.

Birna Hafstein: Ég vísa í landsfund Sjálfstæðisflokksins. Á meða það er ekki góður eða betri staður fundinn fyrir flugvöllinn þá verður hann þar sem hann er.

Björn Gíslason: Reykjavíkflugvöllur sinnir veigamiklu hlutverki sem aðal samgöngumiðstöð landsins. Að mínu mati má ekki skerða hann meira en komið er til að hann geti sinnt sínu hlutverki bæði sem samgöngumiðstöð og varaflugvöllur. Ljóst er að flugvöllurinn verður staðsettur í Vatnsmýri næstu áratugi.

Egill Þór Jónsson: Vísa í Landsfundarsamþykkt síðustu ára: „Reykjavíkflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið og er því brýnt að hann verði óskertur í Vatnsmýri uns annar jafn góður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.“

Friðjón R. Friðjónsson: Hann er og verður þar sem hann er næstu 15-20 ár. En framfarir og breytingar í samgöngum geta breytt stöðu hans, annað hvort til að gera hann mikilvægari eða ekki. Ég þykist ekki vita hvernig þróun skammdrægra rafmagnsflugvéla muni breyta stöðunni.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Ég elska hann og stefna Sjálfstæðisflokksins er skýr í þessum málum. Hann verður þar sem hann er þangað til eitthvað jafn gott eða betra finnst í staðinn. Reykjavík er höfuðborg Íslands og á að taka hlutverki sínu sem slík alvarlega. Borgin nýtur góðs af þeim risastóru vinnustöðum sem þar eru og hefur bæði af þeim og fólkinu sem þar starfar heilmiklar tekjur. Nú þarf borgin að hætta að stilla sér upp á móti fólkinu á landsbyggðinni sem hingað sækir þjónustu. Njótum þess frekar að vera í góðum tengslum við landið allt, með flugvöllinn þar sem hann er. Verum stolt af stöðu Reykjavíkur sem höfuðborg Íslands.

Helgi Áss Grétarsson: Flugvöllurinn verður í Vatnsmýrinni þar til annað er ákveðið. Ég er á móti öllum breytingum á skipulagi sem þrengja að flugvellinum og raska flugumferðaröryggi, þ.e. á meðan völluminn þjónar hlutverki sínu fyrir borg og byggð þá á ekki að fara bakdyramegin að því marki að koma honum úr Vatnsmýrinni. Taka verður einfaldlega heiðarlega pólitíska ákvörðun í þessu máli.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Sem formaður flugnefndar SAF og verandi í fagraði um flugmál hjá Samgöngustofu þekki ég vel mikilvægi flugvallarins í Vatnsmýrinni og þess að hann geti gegnt sínu hlutverki svo að vel sé. Það hafa enn ekki verið full rannsakaðir neindir raunhæfir kostir fyrir aðra staðsetningu og því þarf allt skipulag til nánustu framtíðar að gera ráð fyrir að flugvöllurinn virki þar sem hann er samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og kröfum.

Hildur Björnsdóttir: Flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýri þar til annar heppilegur staður finnst, líkt og ályktað var um á landsfundi Sjálfstæðisflokksins.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil ekki þrengja að flugvellinum á þessari stundu en mér finnst ekki endilega sjálfsagt að hann verði þarna eftir 50 ár. Ég vil sjá raunverulegt val um flugvöllinn og framtíðina áður en ákvörðun er endanlega tekin.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Það liggur fyrir að hugmyndin um flugvöll í Hvassahrauni getur ekki orðið að veruleika vegna jarðhræringa á Reykjanesi. Ég legg áherslu á mikilvægi þess að innanlandsflugið sé í nágrenni við helstu heilbrigðisstofnanir til að tryggja öryggi í sjúkraflugi. Á meðan engar raunhæfar tillögur liggja fyrir um annað, tel ég ljóst að Reykjavíkflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.

Kjartan Magnússon: Ekki verði þrengt að Reykjavíkflugvelli á meðan ekki finnst annar góður flugvallarkostur á höfuðborgarsvæðinu og ríkið kýs að hafa þar miðstöð sjúkraflugs, björgunarflugs og innanlandsflugs.

Marta Guðjónsdóttir: Ég tel að Reykjavíkflugvöllur eigi að vera áfram í Vatnsmýrinni. Hann er mikilvæg miðstöð innanlands- og sjúkraflugs og hann gegnir mikilvægu öryggishlutverki, annars vegar sem varaflugvöllur og hins vegar ef náttúruvá ber að höndum, eins og t.d. ófyrirséð eldsumbrot á Reykjanesi. Það er skylda höfuðborgarinnar að tryggja öruggar og góðar samgöngur milli borgarinnar og annarra landshluta.

Nína Margrét Grímsdóttir: Á meðan annar valkostur finnst ekki sem ríkir sátt um tel ég að flugvöllurinn eigi að vera áfram.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Reykjavíkflugvöllur á að vera í Vatnsmýrinni eins og tilgreint er í landsfundarályktunum Sjálfstæðisflokksins og nýafstöðnu Reykjavíkurbíngi.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Ég vil hafa hann áfram, engin spurning. Ég bý í nokkurra metra fjarlægð við flugvöllinn og ég tel að hann eigi að vera þarna þar til annar staður finnst og fé tiltækt til framkvæmda.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Ég er þeirrar skoðunar að hann eigi að vera í Vatnsmýrinni.

Róbert Aron Magnússon: Hann gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir landið, og verður þar, þartil annar kostur verður fundinn.

Sandra Hlíf Ocares: Ég tek undir með því sem birtist í landsfundarályktun Sjálfstæðisflokksins: „Reykjavíkurlflugvöllur gegnir mikilvægu öryggishlutverki fyrir allt landið og er því brýnt að hann verði óskertur í Vatnsmýri uns annar jafn góður eða betri kostur er tilbúinn til notkunar.“

Valgerður Sigurðardóttir: Flugvöllurinn er og verður í Vatnsmýri þangað til annar og betri valkostur hefur fundist.

16. Hvernig muntu beita þér varðandi þá þéttingarreiti sem þegar hafa verið mikið unnir og tillögur liggja fyrir m.a stokatillögur við Vogabyggð og Hringbraut, þéttingu og tillögur að byggð í Skerjafirði og Höfða ásamt fegrun og hönnun nýs Lækjartorgs? Verður þessum verkefnum sópað af borðinu ef þú fengir ráðið?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég vil vinda ofan af þéttingarstefnu meirihlutans. Í þessu samhengi vil ég alls ekki að rótgróin og fjölskylduvæn hverfi verði þéttingarstefnu meirihlutans að bráð. Verði ég borgarfulltrúi mun ég leggja mig allan fram að gera skipulag Reykjavíkur fjölskylduvænna og vænlegra. Ég vil standa vörð um síðustu náttúrulegu fjöruna í Skerjafirðinum.

Porkell Sigurlaugsson: Já þessar hugmyndir verða örugglega teknar af dagskrá, sumt tengist endurskoðun Samgöngusáttmálans, byggð í Skerjafirði þarf gífurlega lagfæringa við og ekki skal skaða fjöruna. Lækjartorg er eitthvað sem er fundið uppá rétt fyrir kosningar, en sjálfsagt að skoða málið. Borgarstjóri vissi ekkert um kostnað nema það gæti verið svipað og skipta þyrfti um hellur á torginu. Merkileg vísindi.

Pórður Gunnarsson: Það er ástæðulaust að ýta gagnlegum samgönguframkvæmdum út af borðinu en gæluverkefni á borð við fegrun Lækjartorgs geta beðið betri tíma.

Örn Þórðarson: Ég myndi vilja endurskoða og endurhugsa öll þessi mál. Breyta þarf aðalskipulagi borgarinnar með þetta í huga. Þétting byggðar er komin í ógöngur og er í ójafnvægi.

Baldur Borgþórsson: Fyrirliggjandi plön þarf að endurskoða eins og flest það sem núverandi meirihluti hefur staðið fyrir.

Birna Hafstein: Í grunninn liggur ekki fyrir heildarkostnaður þessara verkefna sem hér eru upptalin og á meðan það liggur ekki fyrir er ekki hægt að taka afstöðu til þeirra.

Björn Gíslason: Varðandi Skerjafjörð er ég mótfallinn þéttingu þar vegna þrengingar að flugvellingum eins og m.a. hefur komið fram hjá ISAVIA. Jafnframt þarf að fara öllu með gát að standlengjunni/fjörinni sem er einstök í Reykjavík sbr. <https://www.frettabladid.is/frettir/borgarfulltrui-vill-fridlysa-skerjafjordinn/> Varðandi Höfðann þá er um gríðarlega þéttingu þar að ræða. Þar er gert ráð fyrir jafnstórri byggð og er í Grafarvogi eða 20.000 manns en á sjö sinnum minna svæði. Það segir sig sjálft að þessi byggð verður þétt og mikið um skuggamyndun sem mun rýra gæði byggðarinnar. Athuga hvort ekki sé rétt að endurskoða skipulag Höfðans. Ég er hlynntur því að fegra Lækjartorgið en alltaf þurfum við að hafa í huga að kostnaði sé stillt í hóf. Varðandi stokkatillögur verðum við athuga varðandi útfærslu með Betri samgöngum ehf. m.t.t. kostnaðar.

Egill Þór Jónsson: Það er nauðsynlegt að taka upp Aðalskipulagið Reykjavíkur í heild sinni. Tilefni er til að endurskoða tillögur sem lagðar hafa verið fram.

Friðjón R. Friðjónsson: Sumar færu af borðinu, alls ekki allar. Þær tillögur sem eru bara kostnaður og jafnvel algerlega óljóst hvað muni kosta færu út. Höfðahverfið er áhugvert verkefni sem er langt komið, svo langt að það yrði borginni líklega dýrt að sópa því út af borðinu. Eins er stokkatillagan við Vogabyggð er áhugaverð til að tengja hverfið betur við Vogana. Byggðin í Skerjafirði er hinsvegar alltof þétt með of miklu álagi á samgönguæðar Skerjafjarðar. Ef hún á að verða þá þarf að minnka hana um 75% að lágmarki.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Lækjartorg er auðvitað ljótasti blettur Reykjavíkur og búinn að vera það frá því ég man eftir mér. Nú, rétt fyrir kosningar, ætlar Dagur B. að kippa því í liðinn. Ég veit ekki með aðra, en ég læt ekki plata mig svo glatt. Skoðanir mínar á þéttingu byggðar eru ekki flóknar. Áður en ráðist er í skipulagningu nýrrar byggðar innan gróinna hverfa þarf að spyrja: Er pláss á leikskólum? Hvernig er staðan í grunnskólum? Mun fólkið sem þangað flytur komast leiðar sinnar á götum borgarinnar? Mun ný byggð draga úr lífsgæðum íbúa sem fyrir eru? Ef svarið er „já“ liggur mín afstaða skýrt fyrir: Nei. Ég er mjög hugsi yfir landfyllingarhugmyndum í Skerjafirði og mér þykir að flugvellinum vegið. Það þarf að grípa í taumana þar, já.

Helgi Áss Grétarsson: Ég tel nauðsynlegt að skoða þessar tillögur gaumgæfilega. Sumt kann að horfa til framfara en annað ekki.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Hér eru nefnd mörg ólík verkefni á mismunandi framkvæmdastigi og því ekki möguleiki að sópa þeim öllum af borðinu. Sum þeirra, eins og stokkatillaga við Vogabyggð gæti verið til mikilla framfara en ég tel ekki raunhæft að ráðist verði í hana á næstunni og á meðan þurfa öll börn úr Vogabyggð að þvera Sæbraut til að fara í skóla og tómstundir. Ég myndi byrja á verkefnum sem auka öryggi barna og gera t.d. göng eða brú yfir Sæbrautina áður en ég færi í marga ára skipulagningu á flóknum mis-krefjandi verkefnum eins og nefnd eru í spurningunni.

Hildur Björnsdóttir: Þétting á bara rétt á sér þar sem innviðir þola aukna byggð. Meirihlutflokkarnir hafa hins vegar gengið of langt og of nærri fólki í grónum hverfum. Sjálfsagt er að þétta byggð innan hverfa sem hafa til þess svigrúm, en það þarf að gera í sátt við fólk og umhverfi. Samhliða þarf að skiuleggja ný hverfi svo bregðast megi við húsnæðisvandnum.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil fyrst og fremst sjá fjárhagsáætlanirnar og hvort borgin sé að sinna lögbundnum verkefnum sínum með sóma, eftir það færi ég að skoða þessar tillögur. Fegrin Lækjartorgs færi aftast á listann (eða út af borðinu í bili). Landfylling í Skerjafirði hugnast mér ekki að svo stöddu fyrr en náttúrusjónarmið eru komin inn í jöfnuna. Mér finnst að allar ákvarðanir eigi að taka með fólk, fjármagn og umhverfi í huga, ef eitt af þessu gengur ekki upp þá styð ég ekki ákvörðunina.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég er styð þéttingu byggðar þar sem hún er viðeigandi og þá að því gefnu að hún sé unnin í fullu og góðu samráði við íbúa viðkomandi hverfis. Þétting, þéttingar vegna, sett fram í mótstöðu við meirihluta íbúa er hins vegar eitthvað sem ég mun aldrei styðja. Lækjartorg er mjög fjölfarinn staður í Reykjavík og má við fegrun en slíkar hugmyndir þarf að skoða gagnrýnum augum.

Kjartan Magnússon: Ég er hlynntur eðlilegri þéttingu byggðar enda hefur hún lengi verið hluti af stefnu Sjálfstæðisflokksins í skipulagsmálum. Ég legg hins vegar mikla áherslu á að við þróun eldri hverfa verði áhersla lögð á sátt við íbúa. Horfið verði frá ofuráherslu á mikið byggingarmagn og offorsi, sem einkennt hefur þéttingartrúboð vinstri meirihlutans í borgarstjórn. Sum þessara verkefna þarf ég að skoða betur áður en ég tek afstöðu til þeirra. Nýjustu hugmyndir um byggð í Skerjafirði finnast mér ganga allt of langt, t.d. fyrirætlanir meirihlutans um þetta byggð á landfyllingu þar sem nú er að mestu leyti ósnortin fjara.

Marta Guðjónsdóttir: Þetta eru mörg og ólík verkefni en það sem þau eiga allt sameiginlegt er almenn og mikil andstaða íbúa við þau, að mögulega Höfðanum undanskyldum. Við sjálfstæðismenn höfum þegar mótmælt mörgum þessara verkefna og því ljóst að við munum endurskoða þau og í sumum tilfellum falla frá þeim.

Nína Margrét Grímsdóttir: Já.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Ég tel að það þurfi að endurskoða öll þessi áform útfrá kostnaði, vilja íbúa, verndun umhverfis, grænna svæða og samgangna til framtíðar.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Ég myndi vilja sópa þessu af borðinu, sérstaklega fyrirhugaðar byggingar í Skerjafirði og þessi skreyting Lækjartorgs tel ég algjörlega út í hött. Það er óverjanlegt að ráðast í óþarfar skreytingar þegar ekki er hægt að halda við skólabyggingum, ekki hægt að hýsa heimilisláust fólk og svo mætti lengi telja. Það þarf að forgangsraða.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir: Burtséð frá þessum hugmyndum og tillögum þá þarf að vera til peningur til að framkvæma þær. Og miðað við stöðu borgarsjóðs og önnur mun meira áriðandi verkefni er það líklegt að þessum hugmyndum hafi verið ætluð sömu örlög og margra annarra sem koma frá núverandi meirihluta; sem er að við upphaf hvers nýs kjörtímabil verði þær framkvæmdar eftir 5 ár. Annars eru áformin í Skerjafirði með landfyllinguna

sérstaklega ófýsilegar en ég tel heilt yfir að skoða þurfi öll áform varðandi þéttingaráform sem ekki farin af stað, en þurfum þó að gæta okkar þar sem fólk og fyrirtæki hafa þegar lagt í fjárfestingar.

Róbert Aron Magnússon: Mér finnst mikilvægt að öll mál sem eru þegar í framkvæmd fái eðlilegan hljómgrunn, mikið af þessu eru fínar hugmyndir en það þarf að hugsa þau aðeins lengra.

Sandra Hlíf Ocares: Þétting getur verið til bóta á sumum svæðum en aðgerðir og áform meirihlutans í borginni ganga oft á tíðum allt of langt og taka ekki tillit til þátta eins og grænna svæða og þess hvort innviðir hverfisins þoli frekari fjölgun að óbreyttu. Það þarf að fara yfir tillögur um stökkana út frá þeirri eðlilegu kröfu að þeir séu líklegir til að bæta flæði, út frá kostnaði, byggingartíma og svo áhrifa á byggð í kring, mér hefur þótt skorta mjög á að litið sé til þessara þátta. Tillögur um nýtt Lækjartorg þarf að skoða mun betur, meðal annars með tilliti til þarfa atvinnurekenda í borginni og ferðaþjónustu.

Valgerður Sigurðardóttir: Hér er talað um mörg og ólík verkefni. Sum góð og önnur sem má sópa af borðinu að mínu mati.

17. Hver er afstaðan til 10 000 000 000 Stafrænar Reykjavíkur? Nú síðast samþykkir Borgarráð (Fundur nr. 5654) áætlun um að finna upp rafrænar undirskriftir og Sjálfstæðisflokkurinn situr bara hjá við afgreiðsluna.

Viðar Helgi Guðjohnsen: Af og til birtast fögur fyrirheit hjá fulltrúum borgar-yfirvalda og lagt er af stað með mjög Ég vafasama og dýra draumóra í farteskinu. Einu sinni átti að setja upp rafrænt kortakerfi í strætisvögnum. Hundrað milljónir fóru í bláa kortalesara sem settir voru í hvern einn og einasta vagn með annan eins þróunarkostnað. Kerfið átti að spara pening. Kerfið var aldrei tekið í notkun en kortalesararnir voru í vögnunum í mörg ár. Áminning um ráðamenn í óráði.

Þorkell Sigurlaugsson: Allt í kringum þessa stafrænu Reykjavík hljómar sem hið furðulegasta mál. Getur verið að flokkurinn hafi setið hjá vegna þess að hann hafi ekki skilið upp né niður í verkefninu, en þá hefði átt að vera á móti. Að byrja á því að ráða tugi starfsmanna í þetta verkefni er afar sérstakt. Fyrst ætti að ákveða nýtt

skipulag borgarinnar og hvaða þjónustu borgin ætlar að veita og fara í úttekt á því. Ná utan um heildarmyndina og síðan ráða fólk í vinnu eða verktaka eftir því hvað á að gera. Reynsla mín sem forstöðumanns og framkvæmdastjóra yfir upplýsingatækniverkefnum segir mér að hér sé byrjað á öflugum enda.

Þórður Gunnarsson: Reykjavík ætti að fara sömu leið og útvista verkefninu í stað þess að ráða til sín tugi starfsfólks. Stafræn væðing þjónustu borgarinnar er skynsamleg og mun spara rekstrarkostnað til lengri tíma. En það er afleit stefna að ætla að opna hugbúnaðarhús á skrifstofum borgarinnar, líkt og núverandi meirihluti hyggst.

Örn Þórðarson: Ég á ekki sæti í borgarráði. Heildarkostnaður við verkefnið sem vísað er í er áætlaður 200 milljónir. Það er há upp hæð og alls ekki víst að þjónustuþegar heimaþjónustu- og búsetukerfis velferðarsviðs, séu að kalla eftir stafrænum leiðum til samskipta við sviðið. Upphæðina hefði mátt nota í að bæta þjónustuna, í stað þess að búa til rafrænt umsóknarferli. Hvað varðar verkefnið „stafræn umbreyting“ í heild, þá get ég stutt suma hluta þess, s.s. tölvuvæðingu í skólum.

Baldur Borgþórsson: Neikvæð – Vil sannarlega sjá öll afgangslukerfi borgarinnar rafvædd. En 10 milljarða leið meirihlutans er ekki leiðin að því marki. Til eru aðrar, hraðvirkari, ódýrari og betri leiðir.

Birna Hafstein: Það er gott að innleiða rafrænar undirskriftir en ég er í grunninn spenntari fyrir að útvista svona verkefnum.

Björn Gíslason: Ég er mjög hlynntur stafrænni umbreytingu sem kemur sér mjög til góða fyrir marga s.s. skólasamfélagið og þá til góða fyrir börn og ungmenni. Síðan er ég mjög hlynntur því að hlutirnir séu boðnir út til að fá sem hagstæðasta verð.

Egill Þór Jónsson: Ætli borgin sér í slíkt verkefni ætti hún að útvista eða bjóða út þessi verk. Í stað þess sagnar hún til sín 60 starfsmenn til sín úr sérfræðigeira af einkamarkaði. Þessi vinnubrögð vinstri meirihlutans er gott dæmi um hvernig báknið er blásið út í stað þess að leyfa einkaframtakinu að blómstra.

Friðjón R. Friðjónsson: Á árum áður vann ég í upplýsingatæknigeiranum, það blasir við mér þótt nokkur ár séu síðan, að borgin er á kolrangri leið í þeim málum.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Þetta er skýrt dæmi um verkefni sem ætti auðvitað með réttu að útvista til einkaaðila sem sérhæfa sig í svona verkefnum. Það er í raun alveg ótrúlegt að eitthvað annað sé til umræðu.

Helgi Áss Grétarsson: Ég hef efasemdir um þetta 10 milljarða kr. verkefni Reykjavíkurborgar. Kanna þarf hvort aðrar lausnir séu nærtækari, svo sem vísað er til í spurningunni.

Herdís Anna Þorvaldssdóttir: Ég tel að það sé óþarfi að finna upp hjólið tvisvar og þetta verkefni fellur ekki undir kjarnastarfsemi Reykjavíkur ef að þessa lausn má finna og þróa með til þess reyndum aðilum er betra að vera ekki í samkeppni við fyrirtækin í landinu um sérfrótt vinnuafli heldur frekar kalla eftir tilboðum frá fyrirtækjum og kaupa þjónustuna af þeim.

Hildur Björnsdóttir: Sú útfærða ákvörðun meirihluta borgarstjórnar að verja 10 milljörðum af opinberu fé í verkefnið til næstu þriggja ára, vekur áhyggjur. Ekki síst sú ákvörðun að innvasta verkefnum sem betur færi á að útvista. Það er út úr kú þegar hið opinbera fyrirhugar að reisa stærsta hugbúnaðarhús landsins og ráðast í beina samkeppni við atvinnulíf um takmarkaða sérþekkingu. Stafræn umbreyting er sannarlega mikilvægt framfaraskref. Þó er umhugsunarvert hvernig opinberum fjármunum verður varið og hversu litlu er fyrirhugað að útvista. Enn fremur er það almennt áhyggjuefnið hvernig báknið vex undir stjórn Dags og meirihlutans. Samkvæmt fjöldataölum Hagstofunnar eru nú 70.265 vinnandi einstaklingar með lögheimili í Reykjavík. Til samanburðar munu nærri 13 þúsund manns starfa hjá Reykjavíkurborg við árslok 2022. Það samsvarar nærri 19% vinnandi fólks í Reykjavík – eða því að fimmti hver íbúi borgarinnar verði starfsmaður Reykjavíkur. Það er ósjálfbært að ætla sér frekari fjölgun opinberra starfsmanna sem ekki sinna menntun eða velferðarþjónustu við borgarbúa. Mikilvægasta atvinnuskapandi aðgerðin verður alltaf sveigjanlegra regluverk, lægri álögur og myndarlegri stuðningur við atvinnulíf.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég styð snjallvæðingu í Reykjavík, rafrænar undirskriftir og opið upplýsingakerfi þar sem borgarbúar geta áttað sig á hvernig þjónustunni er háttáð. Þá vil ég að borgin taki höndum saman með nýsköpunarfyrirtækjum borgarinnar um snjallvæðinguna, vinna það í breiðu samstarfi.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég tel það skynsamlegast að verkefni af þessum toga séu boðin út í almennum útboðum. Reykjavíkurborg á ekki að vera í samkeppni við sjálfstæð fyrirtæki.

Kjartan Magnússon: Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla er sjálfsögð. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um það viðhorf vinstri meirihlutans í borgarstjórn að opinberir starfsmenn séu betur til þess fallnir en einkaframtakið að þróa slíkan hugbúnað og tæknilausnir. Minnir það óneitanlega á hið fræga „snjallkortaverkefni“ 2003-2007 þar sem miklu skattfé, sennilega heilum milljarði króna að núvirði, var sóað án nokkurs ávinnings og gekk illa að fá svör við því í hvað allir þessir peningar fóru. Endurskoða þarf „Stafræna Reykjavík“ frá grunni og tryggja að stefnunni sé framfylgt með sem hagkvæmustum hætti, t.d. með útboðum og samstarfi við fyrirtæki einkaframtaksins í tölvu- og upplýsingatækni.

Marta Guðjónsdóttir: Margar þeirra stafrænu lausna sem Reykjavíkurborg ætlar að byggja upp eru þegar til á einkamarkaði. Jafnframt kemur verkefnið til með að draga verulega úr krafti atvinnulífsins þar sem borgin kemur til með að soga til sín gífurlega margt sérhæft og vel menntað starfsfólk í hugbúnaðar- og tæknigeiranum sem mun draga úr nýsköpun. Eðlilegra væri að borgin byði út þær stafrænu lausnir sem þarf fyrir stafræna Reykjavík eins og ríkið gerði með farsælum hætti.

Nína Margrét Grímsdóttir: Mér finnst óráðlegt að borgin skuldbindi skattfé almennings í þetta verkefni sem önnur án þess að veigamikill rökstuðningur liggja fyrir um nauðsyn og góð sátt

Ólafur Kr. Guðmundsson: Ég tel þetta algjört rugl og óþarfa, enda veit enginn hvað þetta er, annað en gífurlegur kostnaður með engin skilgreind markmið og framtíðarsýn.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Mér finnst galið að ráðast í svo fjárfrek verkefni þegar ekki er hægt að sinna grunnþjónustu.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsson: Það þarf að fylgja þeirri þróun sem hvarvetna er í gangi að taka upp stafrænar lausnir til að auka hagkvæmni í að veita þjónustu bæði notendur og borgina. Venjulega reyna stofnanir og fyrirtæki að nýta sér staðlaðar lausnir og kerfi sem eru reynd á markaði. Heimatilbúnaðar lausnir og kerfi skapa oft á tíðum mikinn vanda og öryggisleysi í rekstrinum. Skynsemi verður höfð að leiðarljósi á þessu sviði sem öðrum nái ég kjöri.

Róbert Aron Magnússon: Ég styð rafrænar lausnir, enda eru þær hluti af framtíðar lausnum, en það þarf að skoða þetta útfrá kostnað og úfærslum, eitthvað sem ég myndi vilja skoða betur. Það er mjög mikilvægt að koma á ræfrænu umsóknarferli í borginni, en það þarf að vera útfært skynsamlega.

Sandra Hlíf Ocares: Mér finnst borgin hafa farið fram með yfirgangi inn á viðkvæman samkeppnismarkað og mun meira gegnsæi þurfi við framkvæmdina, kostnað og aðferðafræði þessa verkefnis. Áhugavert að skoða nálgunina hjá ríkinu í verkefninu Stafrænt Ísland en þar hafa mun færri starfsmenn verið ráðnir, þá aðallega í verkefnastjórn og utanumhald og þróun er útvistað að langmestu leyti en ekki ráðist í samkeppni við einkafyrirtæki í upplýsingaiðnaði.

Valgerður Sigurðardóttir: Víða má gera mun betur í borgarkerfinu þegar kemur að því að umbreyta því stafræna umhverfi sem borgin rekur. Það sem ég hef spurt mig að er: Hvað fáum við fyrir þessa 10 milljarða? Hvar verður byrjað? Hvernig var þessi tala, 10 milljarðar, ákveðin? Fór fram ítarleg þarfagreining og notendarannsóknir á öllum kerfum borgarinnar? Allt spurningar sem ég hef ekki fengið svör við úr borgarkerfinu.

18. Hvaða úrræði sérð þú fyrir þér í bættri þjónustu við eldri borgara?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Með öllum mætti mun ég berjast fyrir betri hag eldri borgara og valfrelsi þeirra til búsetu, þ.á.m. að aðstoða þá til að búa í sínu húsnæði sem lengst. Hlúa þarf að þessum hóp og vinna að þjónustu þeirra í samráði við þau. Hópurinn hefur sterkastan skilning á þörfum sínum.

Porkell Sigurlaugsson: Ég ætlaði að bjóða mig fram til formanns Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrennis FEB, en hætti við þar sem samflokksystir mín er formaður og því var illa tekið af stjórnarmönnum og margs konar dylgjur komu upp í minn garð. Dró framboð mitt til baka. En ég hafði áform um að bæta tengsl við félagið og mun halda því áfram. Vil setja upp samskiptatorg eldri íbúa 60+, þar sem m.a. væri atvinnumiðlun, einnig tækifæri fyrir eldri íbúa sem eru hettir fastri vinnu að bjóðast til að taka að sér létt verkefni fyrir eldri íbúa hvor sem það eru iðnaðarmenn, rafvirkjar, píparar, o.s.frv. eða á sviði stjórnunar og lögfræði. Þessi hópur getur þannig nýtt samskiptatækni samfélagsmiðlanna til að ná betur saman. Borgin á að

nýta FEB til að fá fram samstarf og hugmyndir eins og hefur verið gert til fyrirmyndar af Valgerði Sigurðardóttur formanns FEH í Hafnarfirði.

Þórður Gunnarsson: Aukin heimaþjónusta.

Örn Þórðarson: Heimaþjónusta sé aukin, til að gefa eldri borgurum kost á að velja það að búa áfram heima hjá sér. Fjölga þarf íbúðum sem henta eldri borgurum. Og styðja við svokölluð virkniúrræði í lýðheilsumálum fyrir eldri borgara.

Baldur Borgþórsson: Tryggja sómasamlega heimaþjónustu sem hefur nánast verið aflögð í dag. Tryggja að eldri borgarar og raunar allir íbúar borgarinnar fái fyrsta flokks þjónustu, aðstoð og ráðgjöf.

Birna Hafstein: Ég vísa í svar við spurningu númer 8.

Björn Gíslason: Það þarf umbætur í húsnæðismálum fyrir eldri borgara þar sem þeir m.a. geta búið heima sem lengst. Að sjálfsögðu þarf eldra fólk að hafa val þegar kemur að því í búsetuúrræðum. Hlúa þarf að heilsueflingu fyrir eldra fólk og búa þarf til hvata fyrir þá til heilsueflingar sem jafnframt bætir lífsgæði þeirra og kemur í veg fyrir félagslega einangrun.

Egill Þór Jónsson: Eldri borgarar eru mjög fjölbreyttur hópur með fjölbreyttar þarfir. Nauðsynlegt er að einstaklingar fái framúrskarandi þjónustu við hæfi þar sem við á. Þar gætum við nefnt félagslega heimaþjónustu, heimahjúkrun, hjálp við þrif eða önnur heimilisverk. Sóknarfæri í bættri þjónustu við aldraða felast einnig í bættu aðgengi að lýðheilsumálum eins og skipulagðri hreyfingu, betri heimsendum mat og fjölbreyttara félagslífi. Biðlistar eftir sérhæfðum búsetuúrræðum eru ekki ásættanlegir.

Friðjón R. Friðjónsson: Ég vil, eins og áður hefur komið fram í þessum spurningum, gera stóráttak í að byggja þjónustu- og heilsuhverfi fyrir aldraða líkt og er í Mörkinni nema mun fleiri íbúðir.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Staðan eins og hún er í dag er til skammar. Fyrst og fremst þarf að byggja, byggja og byggja. Það þarf að stórauka framboð búsetuúrræða fyrir þá sem lögðu grunninn að því góða lífi sem við unga fólkið njótum í dag. Vandinn er í raun tvíþættur: Annars vegar vantar fasteignir og hins vegar vantar starfsfólk. Hvoru tveggja kostar pening. Sá peningur er til í dag, en er

sóað í gæluverkefni meirihlutans í borginni. Almennileg þjónusta við eldri borgar er hluti af grunnþjónustu borgarinnar sem verður að setja frammar í forgangsröð.

Helgi Áss Grétarsson: Ég vil auka verulega afslátt eða fella niður fasteignaskatt á íbúðarhúsnæði tekjulíttill örorku- og ellilífeyrisþega. Stækka þarf borgina til austurs. Með uppbyggingu nýrra hverfa skapast forsendur til að hanna íbúðakjarna fyrir eldri borgara, eins konar millistig þess að búa á eigin heimili og vera á hjúkrunarheimili. Á þetta hefur t.d. Félag eldri borgara í Reykjavík bent en íbúðakjarnar af þessu tagi hafa verið reyndir erlendis. Í slíkum kjörnum býr eldra fólk í umhverfi þar sem það getur notið félagsskapar, aflað sér ýmiss konar þjónustu og notið afþreyingar í nærsamfélaginu. Við það aukast lífsgæði þeirra.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Ég vil bæta samtalið og hlusta á þarfirnar. Auka heimaþjónustu og bæta í virkniúrræði og aðstöðu fyrir þau úrræði eins og t.d. í félagsmiðstöðvum. Minnka miðstýringu og yfirbyggingu og flytja þjónustuna nær fólki með því að fjölga starfsfólki sem veitir þjónustuna og færa því meira vald og ábyrgð. Þjóða upp á fjölbreytt úrræði fyrir ólíkar þarfir.

Hildur Björnsdóttir: Hækkandi lífaldri fylgir bætt heilsa um lengri aldur og auknar kröfur um spennandi lífsstíl, afþreyingu, félagsstarf og tómstundir. Fólk vill geta spilað golf, farið í skíðaferðir, byggt upp sumarhús og ferðast um heiminn. Kynslóð eftirstríðsáranna hefur að miklu leyti skapað þau lífsgæði sem við búum við í dag - þeirri kynslóð þurfum við sem yngri erum að mæta með nýrri hugsun og nýsköpun í öldrunarúrræðum. Vitanlega á höfuðborgin að taka forystu í málaflöknum - við eigum að stefna að því að verða aldursvænsta borg heims. Í þeim efnum duga engin vettlingatök því ef fram fer sem horfir mun ríkja verulegur húsnæðis- og þjónustuskortur fyrir eldra fólk áður en langt um líður. Borgin þarf að tryggja nægt lóðaframboð fyrir einkaframtak að hefja umfangsmikla uppbyggingu fjölbreyttra búsetukosta fyrir eldri kynslóðir - þar sem miðlæg þjónusta og afþreying er fyrir hendi. Barir, kaffihús, veitingahús og líkamsrækt í göngufjarlægð - bókasöfn, almenningsrými og blómlegir garðar. Öruggar gönguleiðir og aðgengi að útivist. Möguleikarnir eru margvíslegir. Eldri kynslóðir þessa tíma og seinni tíma eru engin afgangsstærð. Vel menntaðar, víðförlar og tæknilæsar munu þessar kynslóðir þekkja sín réttindi og hafa sterka skoðun á æskilegum lífsgæðum efri árána. Reykjavíkurborg þarf að koma til móts við óskir og væntingar þessa hóps - fyrst með því að hlusta á þeirra þarfir og svo með því að framkvæma.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil að þjónusta sem eldri borgarar þurfa sé á þeirra forsendum en ekki forsendum kerfisins. Ég vil bjóða upp á heilsuefandi samfélag eldri borgara, efla félagsþjónustuna, kanna með einmanaleikann hvað við getum gert betur þar, bjóða upp á heimaþjónustu eins og hægt er og koma á fleiri hjúkrunarheimilum. Ég vil að eldri borgarar geti valið um þá þjónustu sem hentar og notið sín sem best.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Huga verður að farsælli öldrun í Reykjavík, með heilsueflingu og blómlegu félagslífi. Fjölgun eldri borgara á næstu árum verður mikil og bjóða verður upp á búsetuúrræði við hæfi með hliðsjón af því að fólk er lengur við betri heilsu nú en áður. Búa verður svo um hnútana að eldra fólk eigi kost á að vera sem lengst í eigin húsnæði og hjúkrun við hæfi. Auka þarf eftirlit með gæðum á þjónustu við aldraða.

Kjartan Magnússon: Efla þarf heimaþjónustu og gera eldri borgurum þannig kleift að búa lengur á eigin heimili. Einnig á að efla félagsstarf eldri borgara og svara spurn eftir hjúkrunarrýmum. Skoða þarf kosti þess að fjölga svokölluðum dvalarrýmum að nýju. Þá vil ég að borgin leggi stóraukna áherslu á húsnæðismál eldri borgara með sem bestu samstarfi við byggingarfélag eldri borgara (t.d. Félag eldri borgara í Reykjavík og Samtök aldraðra) og lóðaúthlutunum í samræmi við óskir þeirra. Árið 2015 varð að veruleika tillaga mín um að stofnað yrði sérstakt ráð, Öldungaráð Reykjavíkur, til að fjalla um málefni eldri borgara í Reykjavík og vera borgarstjórn til ráðgjafar um þau. Öldungaráðið hefur margsannað gildi sitt og látið mörg málefni til sín taka. Ég vil þó auka vægi Öldungaráðsins og nýta það mun betur til að bæta þjónustu og auka samráð milli félaga og samtaka eldri borgara annars svegar og borgarstjórnar hins vegar.

Marta Guðjónsdóttir: Þjónusta við eldri borgara þarf að mæta einstaklingsmiðuðum þörfum þeirra og uppfylla kröfur nútímasamfélags. Þannig gerum við fólki kleift að búa í eigin húsnæði eins lengi og raunhæfur kostur er. Slíkur kostur er mun kostnaðarminni fyrir samfélagið heldur en aukin stofnanavæðing. Auk þess er mikilvægt að afnema sívaxandi fasteignaskatt sem lagður er á eldri borgara.

Nína Margrét Grímsdóttir: Tel að efla þurfi aðgengi eldri aldurshópa að hreyfingu, afþreyingu, menningar- og listviðburðum. Í því sambandi mætti hugsa sér samstarf við skóla, íþróttafélög, söfn og liststofnanir.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Fjölbreytt persónuleg þjónusta í samvinnu við samtök eldri borgara, þar sem þörfum og óskum er mætt á forsendum hvers og eins.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: T.d. meiri og betri heimaþjónustu, meiri virkni og félagslegan stuðning. Spyrjum eldri borgara hvað þeir vilja og komum til móts við þá.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Það þarf að samstilla vel þjónustu á vegum borgarinnar og ríkisins og einbeita sér að því að viðhalda og efla virkni getu eldri borgara sem er lykilatriði fyrir heilbrigða öldrun. Borgin þarf líka að skapa viðeigandi umgjörð með húsnæðiskostum þar sem eldra fólk getur búið á eigin heimili með greiðan aðgang að þjónustu.

Róbert Aron Magnússon: Auka heimaþjónustu, heimahjúkrun, fjölga hjúkunarheimilum og öðrum þjónustu íbúðum.

Sandra Hlíf Ocares: Sveitarfélög þurfa að vera undirbúin fyrir fjölgun eldri borgara og mæta búsetuþörf þeirra með fjölbreyttum hætti enda eldri fólk ekki einsleitur hópur. Meðal annars er mikilvægt að auka aðstoð við aldraða svo sem með því að auka heimaþjónustu og heimahjúkrun við eldri borgara með áherslu á að eldri borgarar geti búið sjálfstæðu lífi á eigin heimili sem lengst. Sveitarfélög landsins þurfa einnig að fjölga hjúkunarheimilum í takt við öldrun þjóðarinnar. Borgin þarf að horfa til framtíðar og tryggja nægar lóðir fyrir uppbyggingu búsetuforma sem henta eldra fólk. Hluti af góðri þjónustu við eldri íbúa borgarinnar er svo að tryggja nærþjónustu í hverfum þannig fólk þurfi ekki að fara um langan veg eftir mikilvægri grunnþjónustu, tómsfundum og afþreyingu.

Valgerður Sigurðardóttir: Þjóða verður upp á búsetuúrræði við hæfi til að eldri borgarar geti búið sem lengst í eigin húsnæði. Áhersla skal lögð á að mæta hverjum einstaklingi á hans forsendum með samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu til að gefa fólk tækifæri til að halda virðingu sinni og vera heima þrátt fyrir skerta færni.

19. Stendur til að lækka leiguna hjá fólki sem eru að leigja af félagsbústöðum? Bjarg er með ódýrari leigu.

Viðar Helgi Guðjohnsen: Þrátt fyrir að útleiga íbúða hjá Félagsbústöðum sé á félagslegum grunni þá þarf hún engu að síður að haldast í hendur við efnahagslegan raunveruleika. Fjárhæð leigunnar á að fara eftir aðstæðum Félagsbústaða - óábyrgt er að lofa öðru. Sitjandi meirihluti hefur þegar farið of djúpt í skapandi bókhaldslausnir þegar kemur að þessu batteríi til að fegra fjárhagslega ásýnd borgarinnar. Almennt er ég á móti því að almannafé sé notað í samkeppni við einkaframtakið. Þetta er að valda vítahring sem endar með hruni í aflvaka einkaframtaksins. Það sem einn fær án þess að vinna fyrir verður einhver annar að vinna fyrir án þess að fá.

Þorkell Sigurlaugsson: Það ætti að fara með þetta eins neðarlega og hægt er sérstaklega taka tillit til þeirra sem standa höllustum fæti. Í velferðarmálum verðum við að taka tillit til þeirra og sem formaður velferðarnefndar flokksins vil ég leggja áherslu á velferðarmál og þau snúast meðal annars um húsnæðiskostnað.

Þórður Gunnarsson: Ef að afkoma Félagsbústaða leyfir samdrátt í tekjum er sjálfsagt að skoða það.

Örn Þórðarson: Staða Félagsbústaða er grafalvarleg. Bæði hvað varðar rekstur og ekki síður langa biðlista. Taka þarf málefni stofnunarinnar til rækilegrar endurskoðunar. Aðrir aðilar sem sinna húsnæðismálum fyrir þá sem þurfa á aðstoð að halda, gera það betur með ódýrari hætti. Draga þarf lærdóm af þeim rekstri.

Baldur Borgþórsson: Bjarg hefur sannarlega sýnt hvernig á að gera hlutina. Endurskilgreina þarf hlutverk Félagsbústaða, þar með talið leiguverð. Einnig að gera þeim leigjendum sem vilja kleift að kaupa sína leigugeign á kjörum sem ekki hafa áður sést.

Birna Hafstein: Ég veit ekki til þess að félagsbústaðir ætli að lækka leiguna.

Björn Gíslason: Það þarf að skoða stöðu leigjenda hjá Félagsbústöðum og jafnvel leita leiða til að aðstoða íbúa við að festa kaup á sinni íbúð.

Egill Þór Jónsson: Taka þarf rekstur og skipulag Félagsbústaða til heildarendurskoðunar. Félagið er rekið með miklu tapi á sama tíma og viðhaldi eigna þess er ekki sinnt sem skyldi. Við ættum að setja okkur það markmið að fólk

festist ekki í viðjum félagslega kerfisins eins og nú er. Við eigum hjálpa fólki að standa á eigin fótum og bjóða upp á möguleika að kaupa þessar eignir sé vilji til. Kerfi Félagsbústaða er byggt upp með ótal fátæktargildrum sem aftra fólki til dæmis að hækka í launum, fá framgang í starfi eða jafnvel eignast maka án þess að eiga í hættu á að missa húsnæðið.

Friðjón R. Friðjónsson: Félagsbústaðir á að vera ódýr kostur fyrir þá sem þurfa á þeirri þjónustu að halda. Sem nýr frambjóðandi viðurkenni ég fúslega að ég þekki ég leiguupphæðina en fjárhagslega staða Félagsbústaða er ekki góð frekar en með annað hjá þessum meirihluta.

Helga Margrét Marzelliusardóttir: Hér eigum við auðvitað að sækja í grunnstefnu Sjálfstæðisflokksins. Ef borgin getur ekki gert þetta betur en einkaaðilinn, eigum við að sjálfsögðu að láta einkaaðilann um þetta. Félagsbústaðir hugsa illa um fasteignirnar sínar, hafa verið staðnir að bókhaldstrixum til þess að fegra stöðu sína innan borgarkerfisins og eru nú orðnir dýrari en sambærilegar lausnir á einkamarkaði.

Helgi Áss Grétarsson: Allar ákvarðanir um leigu hjá Félagsbústöðum verða að styðjast við fagleg og rekstrarleg sjónarmið. Séu forsendur til að lækka leiguna, á að gera það.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Það þarf að endurskoða þetta kerfi og aðkomu félagsbústaða að markaðnum. Það gengur ekki að félagsbústaðir séu að bjóða á móti ungu fólki sem er að fjárfesta í fyrstu eign og hækka verðið á markaðnum. Jafnframt þarf að gera fólki kleift að eignast húsnæðið sem það býr í.

Hildur Björnsdóttir: Mér er ekki kunnugt um slík áform hjá Félagsbústöðum.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég hef ekki heyrt af því.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég er fylgjandi því að útfæra kerfi sem gerir leigjendum Félagsbústaða kleyft að eignast með tímanum hlut í íbúðinni sem þeir búa í. Ég vil lækka húsnæðiskostnað fyrir alla með því að auka framboð af byggingarlóðum.

Kjartan Magnússon: Rekstur Félagsbústaða hf. er eitt af því, sem taka þarf til gagn Gerrar endurskoðunar hjá borginni. Miðað við fjárhagsstöðu fyrirtækisins er ólíklegt að það hafi svigrúm til lækkunar leigu á næstu árum.

Marta Guðjónsdóttir: Leiguverð helst að sjálfsögðu í hendur við þróun á fasteignamarkaði og því þarf að uppræta þann skort sem nú er á byggingarlóðum til að hægt sé að tempra þá miklu hækkun sem hefur verið á fasteignum og í kjölfarið á leigu.

Nína Margrét Grímsdóttir: Þessi spurning er sértæk og ekki á mínu færi að svara því miður. Almenn er ég fylgjandi því að styðja fólk í að fjárfesta í eigin fasteign, sérstaklega ungt fólk í fyrstu fasteignakaupum.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Það á að endurskoða starfsemi félagsbústaða frá grunni, með það að markmiði að þjóna skjólstæðingum sem best á ódýran hátt og að hjálpa fólki til sjálfshjálpar á sínum forsendum.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Það er óeðlilegt að Félagsbústaðir verði með hærri leigu en Bjarg. Sá hópur sem leigir af Félagsbústöðum er ekki fjársterkasta fólk og því ekki heppilegt að auka álögur á þennan hóp.

Ragnildur Alda María Vilhjálmisdóttir: Það þarf að fara yfir stöðu Félagsbústaða og fjármögnun þeirra þannig að leigan sé alltaf eins sanngjörn og unnt er. Síðan verður að stórefla samstarf við verkalýðsfélögin og aðra aðila sem vilja koma að uppbyggingu og rekstri félagslegs húsnæðis eða annarra ódýrra húsnæðiskosta. Þar munu verða mikil tækifæri með stækkun borgarinnar og uppbyggingu fjölbreytts húsnæðis.

Róbert Aron Magnússon: Ég þekki þetta ekki sérstaklega, og þyrfti því að skoða betur.

Sandra Hlíf Ocares: Það er ekki eingöngu hægt að horfa á leiguverðið því fólk sem nýtir sér þjónustu félagsbústaða fær til að mynda hærri húsaleigubætur. Hins vegar er það alltaf mikilvægt að reyna að draga úr óþarfa kostnaði og sóun í kerfinu sem til að mynda getur hækkað leiguverð.

Valgerður Sigurðardóttir: Fjárhagsleg stað Félagsbústaða er slæm og því væri óráðlegt að lækka leiguna miðað við núverandi stöðu.

20. Styður þú aðgerðir til þess að auðvelda umferð bíla í Reykjavík, sem æ stærra hlutfall er með nýorkubílum?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég vil efla betri samgöngur og hef fjallað um nauðsyn þess að greiða fyrir umferð bíla. Þær tafir sem meirihlutinn hefur skapað kosta almenning fleiri milljarða á ári í töfum. Þetta þarf að leysa með nýjum meirihluta og með mig í borgarstjórn.

Porkell Sigurlaugsson: Að sjálfsögðu þarf að auðvelda umferð bíla enda fjölgar nýorkubílum hratt. Greiðari umferð minnkar einnig mengun.

Þórður Gunnarsson: Ég styð jafna uppbyggingu allra samgöngumáta, líkt og samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins mælir fyrir um.

Örn Þórðarson: Já, við alla bíla og öll samgöngutæki. Auka þarf flæði og öryggi í umferðinni, fyrir alla vegfarendur. Samgöngumáti á að vera val hvers og eins. Ég styð öll skref í átt að orkuskiptum, nýorkubílar er stór þáttur í þeirri þróun. Nýjustu vendingar í heimsmálum draga fram mikilvægi þess að nýta sem mest eigin orku, sem er græn og við ráðum sjálf yfir.

Baldur Borgþórsson: Já. Svo sannarlega.

Birna Hafstein: Það er hluti af samgöngusáttmál greiða fyrir almennri umferð í Reykjavík.

Björn Gíslason: Ég styð aðgerð til þess að auðvelda umferð og er ekki í nokkrum vafa um að bíllinn (rafbíllinn) verði einn umhverfisvænsti kosturinn til að ferðast á í nánustu framtíð.

Egill Þór Jónsson: Það á að auðvelda umferð allra ferðamáta, bíla, hjólandi, gangandi, almenningssamgangna, rafskúta o.s.v.fr. Fólk kys ferðamáta eftir því hvernig lífsstíl það kys eða þarf að lifa eftir. Val á samgöngumáta er val fólksins, ekki stjórnmalamanna.

Friðjón R. Friðjónsson: Já en við þurfum samhliða því að bæta aðstöðu annarra samgöngumáta, sérstaklega hjóla.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Já. Við á Íslandi erum í kjörstöðu til þess að leiða nýjungar í þessum geira. Við eigum að nýta okkur þá aðstöðu miklu betur en við erum að gera í dag.

Helgi Áss Grétarsson: Já.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Ég styð öruggar og greiðar samgöngur fyrir alla samgöngumáta. Ég tel mikilvægast að við tökum ekki ónauðsynlega áhættu með líf og limi borgarbarna en að því uppfylltu er ég hlynnt því að auðvelda borgarbúum lífið frekar en að flækja það hvort sem er með umferðarflækjum eða öðrum flækjum.

Hildur Björnsdóttir: Já, ég styð samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðins sem tryggir breiða fáfestingu í fjölbreyttum samgöngum og miðar að því að greiða umferð í Reykjavík m.a. með stofnvegaframkvæmdum og ljósastýringum.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil auðvelda öllum umferð – bílum jafnt sem öðrum farartækjum. Þegar þrengt er að bílum veldur það ónæði inni í hverfum sem ég styð ekki. Það er ekki hægt að loka og ætlast til að bílar hverfi – þeir leita annað.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Já, orkuskiptin eru eitt af stærstu og mikilvægustu verkefnum samtímans. Það er mikilvægt að tryggja góða grunnviði í samgöngum í Reykjavík samhliða bættum almenningssamgöngum.

Kjartan Magnússon: Já. Ég flutti margar tillögur í þágu bættrar bílaumferðar, sem og annarra fararmáta, þegar ég var borgarfulltrúi og mun halda því áfram, nái ég kjöri.

Marta Guðjónsdóttir: Ég styð alla þá þróun sem miðar að því að koma á orkuskiptum í samgöngum og tel nauðsynlegt að bæta samgöngur í borginni með blöndu af betri ljósastýringu, mislægum gatnamótum og Sundabraut í flýtimeðferð. Samgöngustefna á að greiða fyrir allri umferð, óháð ferðamáta en ekki þrengja að fjölmennasta samgöngukostinum eins og nú er gert og stefnt að.

Nína Margrét Grímsdóttir: Já, Reykjavík er og verður borg einkabílsins vegna norðlægrar legu sem raungerist í meðalhitanum 5,1 stig á ársbasis sem telst ískápshiti. Allar fullyrðingar um að í Reykjavík liggi framtíðin í bíllausum lífsstíl eru því marklausar. Þar sem Reykjavík er landfræðilega öll á lengdina eru vegalengdir milli borgarhluta talsverðar og því brýn nauðsyn að tryggja að þær séu greiðfærar á sem skemmstum ferðatíma.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Já, allveg klárlega. Snjallvæða umferðina með nýjum ljósastýringum, nýta upplýsingakerfi til að stýra og þjónusta umferðina og stuðla að mengunarminni og hagkvæmari samgöngum á allan hátt.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Já ég styð bara almennt aðgerðir til að auðvelda umferð, það dregur úr mengun, það styttir tíma sem fólk er að ferðast á milli staða, það dregur úr álagi og það sparar tíma. Það er allt sem vinnur með því að auðvelda umferð. Strætó er líka hluti af umferðinni þannig að það er mikilvægt að auðvelda umferð, hvernig sem litið er á það.

Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Sérstökum aðgerðum gegn akandi fólki verður hætt nái ég kjöri. Allt sem er viðeigandi verður gert til að auðvelda orkuskipti í bílaflotans. Þannig verðum við t.d. að auðvelda fólki í fjölbýli að aka um á nýorkubílum. Það er ekki bara umhverfisvænt, heldur þjóðhagslega hagkvæmt.

Róbert Aron Magnússon: Já ég styð það, en á móti finnst mér samgöngur eiga að vera val hvers og eins.

Sandra Hlíf Ocares: Já, öll samgöngumál þarf að skoða með heilðrænum hætti með tilliti til kostnaðar, flæðis og áhrif á íbúðabyggð og atvinnulíf.

Valgerður Sigurðardóttir: Við eigum að leggja áherslu á að hraða orkuskiptum í samgöngum og þar á borgin að ganga á undan með góðu fordæmi og styðji við tækniþróun og viðleitni einkaaðila.

21. Nú eru 24 ár frá sameiningu Reykjavíkur og Kjalarness. Lítið sem ekkert hefur gerst í þessum borgarluta á þessum árum. Hvað viljið þið að gert verði á Kjalarnesi og hvernig viljið þið vinna að því?

Viðar Helgi Guðjohnsen: Ég bjó á Kjalarnesi sem barn. Mér þykir afskaplega vænt um það og veit að þar eru mörg tækifæri, tækifæri sem tilbúin Sundabraut mun gefa íbúum kost á að nýta. Ef ég verð borgarfulltrúi verður það mitt fyrsta verk að boða til fundar á Kjalarnesinu. Því hef ég lofað. Á þeim fundi mun ég hlusta á íbúana og leggja mig allan fram við að koma þeirra áherslum til framkvæmda. Það má ekki verða svo að íbúar úthverfanna upplifi sig sem annars flokks borgara eins og þeir gera nú í borg Dags B. Eggertssonar.

Porkell Sigurlaugsson: Það þarf að byrja strax á byggingu Sundabrautar sem var eitt af þeim loforðum sem voru gefin. Það er hægt að byrja þar byggingaframkvæmdir á nokkrum stöðum og sjálfsagt að byrja þar skógrækt til að mynd skjól fyrir framtíðarbyggð. Það eru einnig landeigendur á þessu svæði sem eru tilbúnir í framkvæmdir. Óafturkræfa ákvörðun um lagningu Sundabrautar þarf að taka strax, en fyrsta verkefni er að sjálfsögðu að ræða við íbúa á Kjalarnesi, einkum þá sem hafa mestra hagsmuna að gæta og hafa verið fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á svæðinu.

Þórður Gunnarsson: Meirihlutinn í borginni hefur engan áhuga haft á Kjalarnesi á síðustu árum. Mikil tækifæri eru til að stækka byggðina á Kjalarnesi og efla samfélagið.

Örn Þórðarson: Eðlilegast væri að Kjalnesingar fengu sjálfir að svara því. Sé óþol íbúanna þar gagnvart áhuga- og skeytingarleysi borgaryfirvalda frá sameiningu komið á það stig að ekki verði aftur snúið, þá á að leyfa þeim að ráða ferðinni. Hins vegar gæti nýr meirihluti undir stjórn Sjálfstæðisflokks brugðist við með breyttum hætti, t.d. með raunverulegum áhuga á uppbyggingu þar. Ég er tilbúinn að skoða leiðir í því sambandi, en þá með nánu samstarfi við Kjalnesinga.

Baldur Borgþórsson: Ráðast án tafar í gerð Sundabrautar. Skipuleggja án tafar útvíkkun byggðar með fjölbreyttu byggðamynstri Leggja áherslu á sérbyli sem eru nær ófáanleg í dag. Styrkja þannig hverfið og gera það sjálfbært og eftirsóknarvert.

Birna Hafstein: Ég hef verið að ræða við fólk á Kjalarnesi á undanförunum vikum og er töluvert betur upplýst um aðstöðu þeirra en ég var verð ég að viðurkenna og það þarf að skoða mál Kjalarness í samstarfi og samtali við íbúa Kjalarness. Það þarf að byggja þar meira og fá Sundabraut.

Björn Gíslason: Loksins er Sundabraut komin í umræðuna og er nauðsynlegt að flýta þeirri framkvæmd sem mest má. Þegar það gerist er ljóst að íbúabyggð mun færast meira upp á Kjalarnes sem ég tel að verði til mikilla bóta fyrir alla.

Egill Þór Jónsson: Sundabraut þarf að koma strax. Ásókn í sveitarfélög eins og Árborg, Ölfus og á Akranes sýnir okkur að uppbyggingarmöguleikar eru til staðar á Kjalarnesi. En fyrst og fremst þarf að tryggja að Kjalnesingar búi ekki við skerta grunnþjónustu sem borgin á að sinna og komið sé fram við Kjalnesinga af virðingu.

Friðjón R. Friðjónsson: Leggja á allt kapp á það að ljúka Sundabraut eins fljótt og auðið er, sem tengir 116 við borgina og opnar Kjalarnesið fyrir nýrri byggð og þjónustu. Það er höfuðmál.

Helga Margrét Marzellíusardóttir: Í þau 24 ár hafa vinstri menn meira og minna stjórnað borginni og fer áhugi þeirra á málefnum borgaranna minnkandi eftir því sem byggð er fjær 101. Gefum Sjálfstæðisflokknum fyrst séns og spyrjum að leikslokum.

Helgi Áss Grétarsson: Það er gott að búa á Kjalarnesi og þetta dýrmæta borgarhverfi má ekki verða útundan varðandi eðlilega uppbyggingu og þjónustu. Lykill í þessum efnum öllum er að koma Sundabrautinni á koppinn en það verkefni styð ég heilshugar.

Herdís Anna Þorvaldsdóttir: Ég tel rétt að íbúar á Kjalarnesi hafi sjálfir áhrif á framtíðarmótun þeirra heimabyggðar og að til þess sé úthlutað fé í samræmi við mikilvægi framtíðarþróunar svæðisins.

Hildur Björnsdóttir: Ég vil ráðast í lagningu Sundabrautar í einkaframvæmd strax, sem var forsenda fyrir sameiningunni á sínum tíma. Auk þess vil ég leyfa aukna uppbyggingu í hverfinu svo standa megji undir skólum og annarri mikilvægri þjónustu.

Ingibjörg Gréta Gísladóttir: Ég vil sjá góða tengingu og uppbyggingu á Kjalarnesi. Þar er einstakt tækifæri til að byggja upp gott og vænt samfélag. Ég styð uppbyggingu hverfa í borginni og vil gjarnan vinna með íbúðaráði Kjalarness að allri uppbyggingu þar.

Jórunn Pála Jónasdóttir: Ég vil sjá borgina tryggja grunnþjónustu á Kjalarnesi og halda áfram þróun þess hverfis, m.a. með úthlutun lóða og uppbyggingu íbúða á hagkvæmu byggingarlandi. Sundabraut verði flýtiframkvæmd.

Kjartan Magnússon: Sem borgarfulltrúi var ég í góðu sambandi við Kjalnesinga og vann að ýmsum málefnum svæðisins eins og stjórnarmenn í Sjálfstæðisfélagi Kjalarness geta vitnað um. Nú er brátt aldarfjórðungur síðan Kjalarneshreppur sameinaðist Reykjavík. Við sameininguna var lögð til grundvallar „Bláa bókin“ svokallaða en þar komu fram tillögur sérstakrar samstarfsnefndar um hvernig þjónustu sameinaðs sveitarfélags skyldi háttáð á Kjalarnesi. Ljóst er að ekki hefur verið staðið við ýmsar tillögur samstarfsnefndarinnar í veigamiklum atriðum, ekki

síst varðandi samgöngur og frekari þróun byggðarinnar á Kjalarnesi. Árið 2018 lagði ég til í borgarráði að skipaður yrði starfshópur til að fara yfir umræddar tillögur og koma með tillögur til úrbóta svo helstu markmið sameiningarinnar næðu fram að ganga. Umrædd tillaga mín var samþykkt og starfshópur skipaður en lítill árangur virðist hafa orðið af starfi hans. Mun ég beita mér fyrir því að málinu verði fylgt eftir og gripið til aðgerða í því skyni að sem flest markmið sameiningarinnar varðandi þjónustu á Kjalarnesi náist.

Marta Guðjónsdóttir: Forsenda fyrir sameiningu þessara sveitarfélaga, árið 1997, var lagning Sundabrautar. Dráttur á þeirri framkvæmd hefur haldið Kjalarnesi einangruðu. Kjalnesingar hafa ekki setið við sama borð og aðrir borgarbúar þegar kemur að samgöngukostum og þjónustu. Fyrsta og stóra skrefið er því lagning Sundabrautar. Síðan þarf að huga að frekari byggð á Kjalarnesi en þar eru dýrmæt tækifæri til að draga úr lóðaskorti og leysa húsnæðisvandann í borginni.

Nína Margrét Grímsdóttir: Ég skil ekki af hverju þessi sameining var gerð til að byrja með og finnst nauðsynlegt að skoða vilja íbúanna þar til að vera hluti af borginni áfram. Einnig er nauðsynlegt að skoða hvaða kostnað þessi sameining hefur haft í för með sér.

Ólafur Kr. Guðmundsson: Fara í uppbyggingar og þjónustuáttak á Kjalarnesi í samvinnu við íbúa.

Ragnheiður J. Sverrisdóttir: Ég vil að Kjalnesingar ráði því. En ég hugsa að það væri eðlilegra að Kjalarnes myndi tilheyra Mosfellsbæ eða Kjósarhreppi.

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir: Radarinn þarf að fara á Kjalarnesið sem byggingarland fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði. Þar er einstakt tækifæri til að efna gefin loforð við Kjalnesinga og byggja upp fjölbreytt og nútímaleg hverfi án stéttaskiptingar þar sem pláss er fyrir allar mismunandi þarfir íbúanna. Undirbúningur þarf að fara strax í gang og hafa gott samráð og samstarf við Kjalnesinga. Borgarmörk Reykjavíkur eru við Hvalfjörð en ekki Elliðaár eins og núverandi meirihluti virðist halda.

Róbert Aron Magnússon: Ég vil auka þar nærþjónustu, samgöngur, og aðra þjónustu við íbúa hverfisins. Það þarf að búa til hverfi inni hverfi þar sem íbúar geta nálgast helstu þjónustu í sinni byggð, mikill talsmaður þess.

Sandra Hlíf Ocares: Ég tel mjög mikilvægt að tryggja innviðauppbýggingu og grunnþjónustu í öllum hverfum borgarinnar og Kjalarnes má ekki vera útundan í þeim efnum frekar en önnur hverfi. Meirihlutanum í Reykjavík hefur verið tamt að etja borgarhlutum saman. Hver þekkir ekki mýtuna um jeppakallinn í úthverfinu eða latteþjandi lopapeysuna í 101? Úthverfin á móti miðborginni. Staðreyndin er hins vegar sú að þarfir allra borgarhluta eru í grunninn þær sömu. Öll hverfi þurfa nefnilega sömu þjónustu: Leik- og grunnskóla, öruggar samgöngur, sorphirðu, félagslegt öryggisnet og svo mætti áfram telja. Hlutverk borgaryfirvalda er að tryggja að allir borgarhlutar hafa aðgang að þessari þjónustu, og til þess er útsvarið ætlað. Hverfi borgarinnar eru öll á sama báti að þessu leyti.

Valgerður Sigurðardóttir: Kjalarnes er ekki afgangsstærð heldur hluti af Reykjavík og verðu borgarhlutinn að fá þjónustu sem slíkur þar verður að vera uppbygging, uppbygging og meiri uppbygging. Strax þarf að byrja á því að bæta þjónustu Strætó.